



SKOÐUN Fyrirgefum vorum skuldunautum, skrifar Þorvaldur Gylfason. 17



MENNING Gréta Sigurðar stýrir hátíð sögu og bóka í Stykkishólmi. 26



LÍFID Skapaði strengja-kvartett sem enginn getur hlustað á til fulls. 32



SPORT Gróttukonur eru sigurstranglegastar á bikarúrslitahelginni. 34

Til hvers að flækja hlutina?

SJÁLFKRAFA Í BESTA PREP!

365

365.is
Sími 1817

FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur

26. febrúar 2015
48. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Fá ekki arðinn úr landi vegna gjaldeyrishafta


Miðað við arðgreiðslustefnu Íslandsbanka hefði bankinn átt að greiða eigendum sínum rúma níu milljarða króna í arð á síðasta ári. Vegna hafta voru aðeins greiddir fjórir. Arion banki greiddi meira. **12**

Búist við 1,6 milljónum Ferðamálastofa á von á því að hálf önnur milljón ferðamanna sæki Þingvelli heim á árinu 2025. Í fyrra komu þangað 570 þúsund ferðamenn. **2**

Vegalaus börn í fangelsi Fullrar aðgæslu er þörf þegar vafi leikur á aldri hælisleitenda, að sögn forstjóra Barnaverndarstofu. Hér hafa réttindi barna verið brotin. **4**

Bugaðir leita í kynlíf Rannsókn íslensks læknis í Danmörku leiðir í ljós að bugaðir karlar leita í kynlíf til að flýja veruleikann. Sumir eru óvinnufærir af löngun í kynlíf. **6**

Oddvitar með ólíkar áherslur Fjármálaráðherra telur kaupmáttaraukningu árangursríkari leið í kjarasamningum en krónutöluhækkun sem forsætisráðherra segir skynsamlega. **10**



Bolungarvík	-1°	N	25
Akureyri	-1°	SSA	5
Egilsstaðir	0°	S	10
Kirkjubæjarkl.	0°	SA	9
Reykjavík	0°	NV	8

Stormur á Vestfjörðum og allra vestast með snjókomu eða éljum en mun hægari annars staðar og sums staðar él. Víða strekkingur eða hvasst í kvöld. **4**

SÉRBLAÐ

Fólk



FYRIR OPNUN FOOD AND FUN Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, fær aðstoð við að klæðast kokkabúningi áður en hún, ásamt Gunnari Braga Sveinssyni utanríkisráðherra, Sigurði Inga Jóhannssyni sjávarútvegs- og landbúnaðaráðherra, Degi B. Eggertssyni, borgarstjóra Reykjavíkur, og Birki Hólmi Guðnasyni, framkvæmdastjóra Icelandair, opnaði matarmenningarhátíðina Food and Fun í Matvæðaskólanum í Kópavogi síðdegis í gær. Hátíðin er nú haldin í 14. sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Gamlar vaxmyndir:
Stalín í poppmyndbandi

FÓLK Hljómsveitin Young Karín frumsýnir nýtt myndband í dag, en í því má sjá mörgum af helstu stórmönnum sögunnar bregða fyrir, meðal annars Stalín og William Shakespeare en einnig þekktu Íslendinga eins og Ólaf Thors og Jónas frá Hriflu.



LOGI PEDRO STEFÁNSSON

Magnús Leifsson leikstjóri tók myndbandið upp í geymslu í Kópavogi, sem er í umsjá Þjóðminjasafnsins. Þar eru geymdar um sextíu ára vaxmyndir sem voru til sýnis á Þjóðminjasafninu frá 1951 til 1969. Sökum þess að ekki mátti flytja styttnar þurftu allar tókur að fara fram í geymslunni. Vinnslan eftir að tókum lauk var bæði löng og ströng auk þess sem verkefnið kostaði skilinginn. - vk / sjá síðu 30

Heimilisofbeldi frekar tilkynnt eftir breytt vinnulag

Aukin tiltrú á aðgerðir í heimilisofbeldismálum er líkleg skýring á fjölgun tilkynninga á höfuðborgarsvæðinu. Tilkynningar eru 155 prósentum fleiri en að jafnaði í fyrra. Bent er á að fleiri tilkynni brot en þolendur einir.

OFBELDI Tilkynningum um heimilisofbeldi hefur fjölgað um rúman helming á höfuðborgarsvæðinu eftir að lögregla og félagsþjónusta fóru að vinna eftir nýrri nálgun í málaflökknum.

„Að hluta til held ég að aukningin sé breyting og bæting á skráningu heimilisofbeldis, vonandi vegna aukinnar tiltrúar á verklagi og auknu trausti til lögreglunnar í þessum málum,“ segir Alda Hrönn Jóhannsdóttir, aðstoðarlögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu.

Fjallað var um ofbeldi inni á heimilum á morgunverðarþinginu Náum áttum í gær. Alda Hrönn kynnti þar nýja nálgun lögreglu og félagsþjónustu í heimilisofbeldismálum.

Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu, tekur undir með Öldu Hrönn um ástæður aukningar tilkynninga um ofbeldi. „Aukning tilvika orsakast líklega bæði af meiri tiltrú á lögregluna

sem og að umræðan vekur fólk til umhugsunar,“ segir hún. Aukin tiltrú á lögreglu hafi áhrif bæði á þolendur ofbeldisins og nággranna og ættingja, sem tilkynni líka ofbeldi. „Það eru fleiri en þolendur einir sem tilkynna,“ segir hún.

Reykjavíkurborg lagði aukalega fram 50 milljónir króna í sérstakt átak gegn heimilisofbeldi sem hófst í byrjun þessa árs og er samstarfsverkefni lögreglu og velferðarsviðs borgarinnar. Verkefnið byggir á reynslu lögreglunnar á Suðurnesjum. Í máli Öldu kom fram að frá því að verkefnið fór í gang hefði tilkynningum vegna heimilisofbeldis fjölgað mjög. Á fyrsta mánuði hefði komið upp 51 mál en að meðaltali hefðu þau verið kringum tuttugu á mánuði 2014.

Alda segir strax hafa sýnt sig að þörfin væri mikil, en ekkert benti þó til að meira sé um heimilisofbeldi en verið hafi.

Einnig héldu erindi Margrét

Orðrétt úr viðtölum við börn*

Drengur um ofbeldi föður: „Hann lamdi, sparkaði, hrækti á okkur. Allskyns, kallaði okkur illum nöfnum. Ég hnerraði og hann sagði mér að halda kjafti.“ **Stúlka um ofbeldi föður gegn móður:** „...ég fattaði að hann var að reyna að kyrkja hana, hann hrinti henni í rúmið og hún sagði hættu ég næ ekki andanum og svo fékk ég bara nóg og stóð upp!.../ hann óskraði á mig og sagði mér að fara!.../ og ég þorði ekki að gera annað.“ **Drengur um ofbeldi gegn móður hans:** „Hann barði mömmu og var sko orðljótasta vera veraldar!.../ hann hrækti á hana og bölvaði henni í sand og ösku og bara niðraði hana eins og hann frekast gat.“

*Rannsókn Ingibjargar og Margrétar fólst í viðtalskönnun við börn á aldrinum 9-14 ára sem búið höfðu við heimilisofbeldi.

Ólafsdóttir aðjunkt og Ingibjörg H. Harðardóttir lektor um rannsókn sína þar sem rætt var við níu börn á aldrinum 9 til 14 ára, sem orðið höfðu fyrir ofbeldi á heimili, og mæður þeirra. Þær segja fjórðung skólubarna þekkja einhvern sem hefur orðið fyrir ofbeldi heima hjá sér. Börnin upplifðu að andlega ofbeldið væri verst og vildu gjarnan að hægt væri að leita hjálpar í skólanum, þótt þau teldu hann einnig

vera gríðastað frá ofbeldinu. Á fundinum lýstu nokkrir áhyggjum af því að úrræði vantaði fyrir börn. Í pallborðsumræðum sagði Einar Gylfi Jónsson sálfræðingur ekki næga vitneskju um áhrif heimilisofbeldis á börn. Hann vitnaði í bandarískan sálfræðing sem sagt hafði líðan barna sem lent hefðu í slíku ofbeldi sambærilega við líðan barna á stríðssvæðum.

- vh, sa / sjá síðu 6

Þetta er engin spurning

Viðbótarlífeyrir er nauðsyn

Tryggir þína framtíð



SPURNING DAGSINS



Kristinn, er ekki hlustað á þig?

„Jú, þeir heyra bara það sem þeir vilja.“

Kristni Þór Jakobssyni, eina bæjarfulltrúa Framsóknarflokks í Reykjanesbæ, er neitað um áheyrnarfulltrúa í fagnefndum bæjarins.

Nýjar mælingar sýna að strandlengja Íslands er 6.542 kílómetrar og landið 102.775 ferkílómetrar: Ísland er ögn minna en talið hefur verið


RANNSÓKNIR Eyjan Ísland er lítið eitt minni en áður var talið og miðja landsins hefur færst um 120 metra, með endurmælingum Loftmynda ehf. á strandlínu Íslands sem er nýlökíð.

Niðurstaða mælinganna er að Ísland er 102.775 ferkílómetrar að stærð. Þessar nýju mælingar gefa því nákvæmari niðurstöðu en eldri mælingar, en samkvæmt upplýsingum Landmælinga Íslands hefur Ísland hingað til verið talið 103.000 ferkílómetrar.

Mælingarnar eru gerðar eftir háuþlausna loftmyndum sem fyrirtækið hefur tekið af allri strandlínu landsins undanfarið.

Með þessari aðferð er hægt að mæla stærð Íslands nákvæmar en hægt hefur verið áður, auk þess sem einfaldara verður að endurmæla strandlínuna síðar og kortleggja þannig breytingar á henni. Eldri upplýsingar um stærð landsins hafa verið byggðar á misgömlum og oft ónákvæmum gögnum.

Heildarlengd strandlínu Íslands er samkvæmt þessari nýju mælingu 6.542,4 kílómetrar. Við þessar endurmælingar var einnig reiknuð út ný miðja Íslands sem færast frá því sem áður hefur verið talið um 120 metra.



RAUÐ MIÐJA ÍSLANDS Loftmyndir vinna nú að því að kortleggja eyjar og sker í kringum landið. MYND/LOFTMYNDIR



KOMIÐ Í BÚÐIR Ekki virtist nýja heftið ætla að seljast alveg jafn vel og fyrsta blaðið sem gefið var út í metupplagi eftir morðárásina í París. NORDICPHOTOS/AFP

Franska skoptímaritið Charlie Hebdo vaknar af dvala:

Tók sér nokkurra vikna pásu

FRAKKLAND Skoptímaritið Charlie Hebdo sneri aftur í gær eftir að hafa legið í dvala í nokkrar vikur. Blaðið kom síðast út 14. janúar, rétttri viku eftir að tveir öfgamenn réðust inn á skrifstofur þess í París og myrtu tólf manns, þar á meðal fimm af helstu skopteiknum þess.

„Við þurftum pásu, hvíld,“ hefur fréttastofan AFP eftir Gerard Biard, sem nú er orðinn aðalritstjóri þess.

Á forsíðu nýja blaðsins er mynd af litlum hundi með Charlie Hebdo í kjaftinum á harðahlaupum undan ódum hundahópi. Í hópnum má meðal annars greina páfann, herskáan íslamista og Marine le Pen. -gb

Gripið til rýmingaraðgerða: Snjóflóðahætta á Vestfjörðum

SNJÓFLÓÐ 60 til 70 metra breitt snjóflóð féll á mörkum Urðargötu og Mýrargötu á Patreksfirði upp úr hádegi í gær. Í kjölfarið var gripið til rýmingar á reit fjögur á Patreksfirði, þar sem þrettán hús eru. Ekki er búíð í tveimur þeirra.

Einnig var ákveðið að rýma til viðbótar hús við Urðargötu á reit fimm og öll hús á reit tíu. Þá var ákveðið að rýma reit níu á Tálknafirði.

Þjörgunarsveitin Blakkur á Patreksfirði sinnti ófærðaraðstoð á Mikladal og rýmingu húsanna vegna snjóflóðahættu í gær. -ngy

Tóbaksnotendur drykkfelldir: Er sagt hættara við áfengissýki

VÍSINDI Miðaldra notendum munn-tóbaks er tvöfalt hættara við að verða háðir áfengi en öðrum. Þetta er niðurstaða nýrrar rannsóknar við Háskólann í Umeå í Svíþjóð. Byggt er á gögnum úr heilsufarsrannsóknum á 21 þúsund einstaklingum á árunum 1991 til 1997.

Við fyrstu rannsóknina notuðu 25 prósent karlanna og tæp fjögur prósent kvennanna munn-tóbak. Enginn sýndi þá merki um að vera háður áfengi.

Tíu árum seinna voru átta prósent munn-tóbaksnotenda háð áfengi en þrjú prósent hinna. -ibs

Hálf önnur milljón á Þingvöll árið 2025

Ferðamálastofa reiknar með að á bilinu 970 þúsund til 1,6 milljónir manna heim-sæki Þingvöll á árinu 2025. Þingvallanefnd hugar að stækkun þjónustuhúss á Hakinu og uppbyggingu veitingaaðstöðu. Engin áform eru um að reisa nýtt hótél.

FERÐAÞJÓNUSTA „Ekki veitir af, uppbygging á Hakinu er mjög brýn,“ segir Sigrún Magnúsdóttir, umhverfisráðherra og formaður Þingvallanefndar, um fyrirhugaða stækkun gestastofu á Hakinu ofan Almagnagjár.

Í vinnuskjölum Þingvallanefndar kemur fram að um 570 þúsund ferðamenn hafi heimsótt Þingvelli í fyrra. Ferðamálastofa reikni með að eftir tíu ár verði gestirnir á bilinu 970 þúsund til 1,6 milljónir. Hærri talan er miðuð við tíu prósent fjölgun ferðamanna á ári en sú lægri við fimm prósent. Aukningin hefur verið um tuttugu prósent á ári síðastliðin þrjú ár.

„Nauðsynlegt er að Þingvellir séu búnir undir þá gífurlegu og stöðugu fjölgun ferðamanna sem fyrirsjáanleg er,“ segir Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður. Vonast sé til að framkvæmdir við stækkun gestastofunnar hefjist í byrjun vetrar á þessu ári og að lokið verði við viðbygginguna að mestu á árinu 2016.

„Byggt verður á byggingarreit sem þegar er samþykktur norðvestan við núverandi gestastofu en ætlunin er að fá þann reit stækkaðan til þess að koma upp þeim þjónustuhúttum sem nauðsynlegir eru,“ segir hann.

Sigrún Magnúsdóttir segir að þess utan sé vonast til að fljótlega verði hægt að bjóða út byggingu veitingahúss á Hakinu – sunnar á gjárbarminum en gestastofan stendur.

„Þar er hugsunin að koma einnig á nýrri gönguleið frá húsi og niður í Hestagjá og gönguleið



VETRARGESTIR Ferðamenn á Hakinu laust fyrir hádegi síðastliðinn mánudag. MYND/BERGLIND SIGMUNDSDÓTTIR



STÆKKUNIN Á þessum teikningum sjást í appelsínugulu, hugmyndir að stækkun gestastofu á Hakinu. MYND/LANDSLAG FÍLA

að Valhallarreit. Þá eru komnir tveir möguleikar á frábærum leiðum um gjár á leið til Valhallarreitsins,“ segir Sigrún sem undirstrikar að þetta sé háð því að gert verði nýtt deiliskipulag.

Þá er í deiglu „aðstaða fyrir þing og þjóð“ á Völlum neðan við Almagnagjár.

Frá því Hótél Valhöll brann til grunna í júlí 2009 hefur ekki verið hægt að kaupa gistingu á Þingvöllum. Í Fréttablaðinu á þriðjudag sagði að auk fyrrgreindra bygginga stæði til að reisa hótél á Þingvöllum. Það er ekki rétt.

„Engin áform eru um hótélbyggingu á Þingvöllum,“ segir þjóðgarðsvörður.

gar@frettabladid.is

Nauðsynlegt er að Þingvellir séu búnir undir þá gífurlegu og stöðugu fjölgun ferðamanna sem fyrirsjáanleg er.



Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður

Fasteignafélögin Eik og Reginn skiluðu góðri afkomu á síðasta ári: Eik stefnir á markað í apríl

Stjórn Eikar fasteignafélags hefur ákveðið að óska eftir skráningu í Kauphöllina að undangengnu hlutfjárútboði. Gert er ráð fyrir að útboðið verði í apríl.

Eik sendi í gær frá sér afkomutilkynningu fyrir síðasta ár. Þar kemur fram að hagnaður félagsins eftir skatta nam 1.336 milljónum króna árið 2014 samanborið við 1.236 milljónir árið á undan, sem er átta prósent aukning á milli ára. Rekstrartekjur félagsins jukust um 95 prósent á milli ára og námu 3.961 milljón króna og voru leigutekjur þar af 3.753 milljónir. Rekstrarhagnaður félagsins fyrir matsbreytingu og afskriftir nam 2.877 milljónum króna sem er 107 prósent aukning frá árinu áður.

Fasteignafélagið Reginn birti líka ársreikning í gær. Þar kemur fram að á síðasta ári námu rekstrartekjur Regins 4.765 milljónum króna. Rekstrarhagnaður fyrir matsbreytingu og afskriftir var 3.035 milljónir og bókfært virði fjárfestingareigna í lok árs var 53.637 milljónir samanborið við 40.122 milljónir í árslok 2013.

Hagnaður eftir tekjuskatt nam 2.229 milljónum króna og handbært fé frá rekstri nam 1.672 milljónum á árinu 2014. -jhh



TURNINN Í KÓPAVOGI Á meðal þess sem er í eignasafni Eikar er Smáratorg 3. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Eyrnalokkar 2.795 kr.

Hálsmen 2.795 kr.

f / Indiska Iceland

Klútur 3.495 kr.

Kjöll 7.495 kr.

OPIÐ TIL KL. 21.00

INDISKA

Kringlan | 588 2300

FORSALA Á KAJÖKUM ER HAFIN Í ELLINGSEN



Ellingsen býður sérstakt tilboð við forpöntun á kajökum. Verð hér að neðan eru sértilboð til þeirra sem **panta fyrir 3. mars**, en kajakarnir koma til landsins um miðjan apríl. Hægt er að skoða úrvalið á heimasíðu Ellingsen og á **perception.co.uk**, en hafa þarf samband við sölumann Ellingsen til að ganga frá pöntun og fá nánari upplýsingar.

Hafðu beint samband við sölumann:
Þór Ragnarsson,
580 8510 eða á
tr@ellingsen.is

PERCEPTION Triumph 13 Angler

Triumph Angler veitir nægt rými fyrir stangveiði án þess að missa sveigjanleika, lipurð og hraða. Hann er tilvalinn fyrir veiðiklær sem vilja samt ekki gefa neitt eftir í gæðum.

Tilboðsverð
181.500 kr.

Verð 242.000 kr.



25%
AFSLÁTTUR
Í FORSÖLU

PERCEPTION Scooter Gemini

Scooter Gemini tekur 2 í sæti. Það er auðvelt að stýra honum og hann hentar einstaklega vel á lygnum vatni.

Tilboðsverð
129.900 kr.

Verð 173.000 kr.



25%
AFSLÁTTUR
Í FORSÖLU

PERCEPTION Prodigy II 14.5

Sæti fyrir tvo, sérstyrktur botn og stefni. Hann er lipur og stöðugur og hentar vel á lygnum vatni og í léttum straumi.

Tilboðsverð
181.500 kr.

Verð 242.000 kr.



25%
AFSLÁTTUR
Í FORSÖLU

PERCEPTION Essence 17

Sérhannaður kjölur og V-lögun kajaksins gera hann afar stöðugan og auðveldar beygjur. Hentar bæði fyrir byrjendur og lengra komna.

Tilboðsverð
299.250 kr.

Verð 399.000 kr.



25%
AFSLÁTTUR
Í FORSÖLU

Leitaðu ráða hjá okkur. Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.-föstud. 10-18 • laugard. 10-16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.-föstud. 10-18 • laugard. 10-16 • ellingsen.is

Ellingsen
- FULLT HÚS ÆVINTÝRA

TRANEMO
workwear

Vnr. 93458301-6
TRANEMO kuldagalli,
svartur/grár eða í dökkblár/blár
stærð S-XXXL.

22.895 kr.



Vnr. 42310683-95
Kuldagalli, svartur eða blár,
stærð S-3XL.

11.995 kr.

Vnr. 93451719-24
MICROFLEX kuldagalli
úr vatnsfráhrindandi
efni, stærð S-3XL.

24.995 kr.

KLÆDDU AF ÞÉR KULDANN



Vnr. 84533870-3
Mannbroddar, stærðir
33-48.

1.895 kr.



Vnr. 93598600-4
Dovre langermabolur,
100% merinoull, stærðir S-XXL.

6.995 kr.

DOVRE



Vnr. 93598610-14
Dovre buxur, 100%
merinoull, stærðir S-XXL.

6.995 kr.

TRANEMO
workwear



Vnr. 93451020-4
TRANEMO vetrarjakkí,
stærðir S-XXL

16.995 kr.

LYNGSØE
RAINWEAR



OFURTILBOÐ
GILDIR TIL 8. MARS

Vnr. 93460140-4
FOX softshell jakki,
stærðir S-XXL.

6.895 kr.

Almennt verð: 9.895 kr.



Vnr. 93966425
THINSULATE
þrjónahúfa.

1.095 kr.



Vnr. 92202021-6
CAT REAL vinnusokkar,
3 pör í pakka.

1.595 kr.

**3 PÖR
Í PAKKA**



Vnr. 93200903-1403
Ullarsokkar, gráir.

1.595 kr.



Vnr. 93966405
ACRYLIC þrjónavettlingar.

595 kr.



Vnr. 93955300-2
SNOW kindaskinn
vinnuvettlingar.

1.995 kr.



**ÓDYRIR
VETTLINGAR**

Vnr. 92998261
SHOWATHERMO
vettlingar.

1.295 kr.



MARKAÐS DAGAR

í öllum
verslunum
BYKO

Gerðu alveg hreint
ótrúleg kaup!

Mikið úrval af vörum frá 50 krónum og upp í 1500 krónur.
Töluvert af öðrum vörum á stórlækkuðu verði.

Bætum við nýjum
vörum daglega



ÞAD BORGAR SIG AÐ LÍTA VIÐ Á MARKAÐINN



BYKO

BÚÐU BETUR. BORGADU MINNA.

VEISTU SVARIÐ?



1. Hversu oft hefur sérsveit Ríkislögreglustjóra verið kölluð út frá 2011?
2. Hvað sýna margir verk sín á HönnunarMars?
3. Hvað teljast margir íbúa landsins til reglulegra netnotenda?

SVÖR:
1. 227 sinnum. 2. Tvö til þrjú hundruð hönnuðir. 3. 79 prósent.

Lögreglan á Norðurlandi eystra og Akureyrarbær hafa skrifað undir samstarfssamning til eins árs:

Samstarf um átak gegn heimilisofbeldi

SAMFÉLAGSMÁL Akureyrarbær og embætti lögreglustjórans á Norðurlandi eystra hafa skrifað undir samkomulag um átak gegn heimilisofbeldi. Samningur þess efnis var undirritaður í gær í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri. Samstarfið er í grunninn byggt á reynslu af samstarfi lögreglunnar á Suðurnesjum.

Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri á Akureyri og Halla Bergþóra Björnsdóttir, lögreglustjóri á Norðurlandi eystra, und-

irrituðu samkomulagið. „Þetta er mjög mikilvægt, við sjáum það á reynslu annarra sveitarfélaga að þetta hefur verið að gefast vel, síðan á eftir að koma í ljós hvernig þetta reynist okkur. Mér finnst sjálfsagt og eðlilegt að leita allra leiða til að uppræta svona hluti og við þurfum að leggja okkar af mörkum til að gera slíkt,“ segir Eiríkur Björn.

Halla Bergþóra segir verkefnið byggt á nýjum verklagsreglum Ríkislögreglustjóra í þessum

efnum „Vonandi nær þetta átak svo til fleiri sveitarfélaga, vítt og breitt um landið. Kannski á það eftir að þróast þannig að þetta verði hluti af starfi lögreglunnar, við vonum það allavega,“ segir Halla Bergþóra. „Fyrst og fremst er þetta mikilvægt fyrir íbúa, að styðja þá og styrkja. Við sýnum síðan styrk okkar og festu og viljum taka á þessu meini. Við viljum vernda almannahagsmunum með því að ákæra í þessum málum og leiða þau til lykta.“ sveinn@frettabladid.is



SAMSTARF Halla Bergþóra og Eiríkur Björn segja samstarfið skipta miklu máli. FRÉTTABLAÐIÐ/AUDUNN

Óvinnufærir vegna löngunar til kynlífs

Rannsókn íslensks læknis í Danmörku leiddi í ljós að bugaðir karlar leita í kynlíf til að flýja veruleikann. Margir stunda sjálfsfröun í 10 til 15 tíma á dag. Aðrir eru í þremur til fjórum samböndum og sumir í allt að 10 til 20 samböndum.

HEILBRIGÐISMÁL Margir danskir karlar, sem haldnir eru ofsalegri kynlíflöngun, stunda sjálfsfröun í 10 til 15 klukkustundir á dag til að draga úr andlegri vanlíðan sinni. Þeir eru því í raun óvinnufærir. Margir eru í þremur til fjórum samböndum og sumir í allt að 10 til 20 samböndum. Þetta er niðurstaða rannsóknar íslensks læknis, Moniku Emilsdóttur, sem gerð var í samvinnu við starfsmenn sérstakrar deildar Geðspítalans í Kaupmannahöfn (Sexologisk klinik, Psykiatrisk Center København) þar sem tekið er á vanda sem tengist kynlífi á einn eða annan hátt. Niðurstöðurnar hafa vakið mikla athygli í Danmörku.

Um var að ræða lokaverkefni Moniku í læknanáminu, að því er hún greinir frá í samtali við Fréttablaðið. Hún segir að rannsakadur hafi verið 156 karlar sem vísað hafi verið til geðdeildarinnar frá heimilislæknum, sálfræðingum og geðlæknum. „Við fengum staðfestan þann grun að þeir sem haldnir eru þessari ofsalegu kynlíflöngun séu mjög vansælir. Það er hægt að flokka þá með þunglyndissjúklingum og þeir leita í kynlíf til að flýja veruleikann.“

Monika, sem starfar sem læknir á Kaupmannahafnarvæðinu og stefnir á nám í geðlækningum, segir þessa karla þurfa að viðhalda spennunni í lífi sínu á þennan hátt. „Um leið og þeir eru búnir að fá fullnægingu sökkva þeir niður í eyndina. Þess vegna halda þeir sér á floti með kynlífi í svona margar klukkustundir á sólarhring. En þátttakendur í rannsókninni voru þeir sem eru allra verst haldnir af kynlíflöngun.“ Rannsóknin leiddi í ljós að 20



GRUNURINN STAÐFESTUR Monika Emilsdóttir segir að rannsókn hennar hafi staðfest grun um að þeir sem haldnir séu ofsalegri kynlíflöngun séu vansælir.

„Um leið og þeir eru búnir að fá fullnægingu sökkva þeir niður í eyndina. Þess vegna halda þeir sér á floti með kynlífi í svona margar klukkustundir á sólarhring.“

Monika Emilsdóttir, læknir.

prósent karlanna höfðu verið beitt kynferðislegu ofbeldi. „Allt bendir til að flestir séu bugaðir af einhverju og leiti í kynlíf alveg eins og alkóhólistar leita í áfengi.“

Monika getur þess jafnframt að önnur rannsókn, sem nú er í gangi, bendi til að enginn munur sé á magni karlkynshormóna karla með ofsalega kynlíflöngun og annarra karla.

Hópmeðferð hefur verið notuð til að hjálpa körlunum auk þess sem þeir fara í viðtöl hjá sálfræðingum og geðlæknum, að því er Monika greinir frá. „Það þarf að vinna með það sem gerir það að verkum að þeir leita svona mikið í kynlíf. Þeir þurfa að læra að lifa með þessu. Það er ekki hægt að segja að þeir megi aldrei stunda kynlíf aftur.“

ibs@frettabladid.is

Var með rúmlega 45 þúsund myndir sem sýndu börn á kynferðislegan hátt:

Með barnaklám undir höndum

DÓMSMÁL Sextugur maður hefur verið dæmdur í tveggja ára og átta mánaða fangelsi fyrir vörslu barnakláms. Dómur yfir manningum, sem heitir Jón Sverrir Bragason, var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjaness á þriðjudag.

Jón Sverrir var með undir höndum rúmlega 45 þúsund myndir sem sýndu börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt, auk 155 kvikmynda. Einnig kom í ljós að hann var með óskráðan loftrifill í fórum sínum. Jón Sverrir neitaði öllum sakargiftum.

Upphaf málsins má rekja til þess að Jón Sverrir, sem starfar mikið erlendis en hefur dvalarstað hér á landi, var stöðvaður af toll-

gæslunni í Flugstöð Leifs Eiríkssonar þann 1. ágúst 2014, vegna gruns um að tölvur og minnislyklar sem hann hafði meðferðis innihéldu ólöglegt myndefni.

Við rannsókn kom í ljós mikið magn af barnaklámi. Í kjölfarið var hann tekinn í skýrslutöku og leitað á dvalarstað hans, þar sem meðal annars var lagt hald á tölvur og óskráðan loftrifill.

Jón Sverrir hefur áður komist í kast við lögin, en 2010 dæmdi Hæstiréttur hann í þriggja ára og sex mánuða fangelsi fyrir að hafa á árunum 2006 til 2008 ítrekað brotið kynferðislega á einhverfum dreng meðan hann var á aldrinum 13 til 15 ára. Jón Sverrir var



HÉRAÐSDÓMUR Jón Sverrir neitaði sök hjá lögreglu og bar að aðrir hefðu haft aðgang að spjaldtölvu hans erlendis og hugsanlega hefðu þeir halað niður umræddu efni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

enn á skilorði vegna þess brots og aflánar því eftirstöðvar þeirrar refsingar, 420 daga. - ngy

SÉRTILBOÐ

Kanarí & Tenerife

Frá kr. **89.900**

Tenerife

Tamaimo Tropical
Frá kr. 89.900

Netverð á mann frá kr. 89.900 m.v. 2 fullorðna í stúdíó
Aukagjald fyrir allt innifalið 30.000 kr. á mann. 2. mars í 7 nætur.

Jacaranda
Frá kr. 125.900 m/hálft fæði innifalið

Netverð á mann frá kr. 125.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
2. mars í 7 nætur.

Kanarí

Sewatur Waikiki
Frá kr. 174.900 m/allt innifalið

Netverð á mann frá kr. 174.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
12. mars í 12 nætur.

Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000
Akureyri • Sími 461 1099
www.heimsferdir.is



EGF HÚÐVÖRUDAGAR Í HAGKAUP



26.FEBRÚAR TIL 4.MARS



Kaupauki fylgir ef keyptar eru
EGF húðvörur fyrir 5.900 kr eða
meira*

*meðan birgðir endast

Íslensk nýsköpun,
hugvit og framleiðsla

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

GOTT ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

Skóðaðu úrvalið á
bilaland.is

**ALLT AÐ 90%
FJÁRMÖGNUN**



TÖKUM NOTADAN
UPPI NOTADAN!
GERÐU FRÁBÆR KAUP!

SUBARU FORESTER VISION
Nýskr. 01/12, ekinn 50 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
Rnr. 142589.

Frábært verð!
3.890 þús.



MMC PAJERO INSTYLE
Nýskr. 06/12, ekinn 51 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 7.590 þús.
Rnr. 120557.



HYUNDAI ix35 (METAN)
Nýskr. 04/12, ekinn 45 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 3.990 þús.
Rnr. 120574.



TOYOTA LAND CRUISER 150 GX
Nýskr. 07/12, ekinn 101 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 7.490 þús.
Rnr. 102455.



MERCEDES BENZ ML 300
Nýskr. 12/11, ekinn 64 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 9.380 þús.
Rnr. 102467.



LAND ROVER DISCOVERY HSE
Nýskr. 06/11, ekinn 67 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 10.600 þús.
Rnr. 142645.



DACIA DUSTER 4x4
Nýskr. 07/13, ekinn 90 þús. km.
dísil, beinskíptur.
VERÐ kr. 2.780 þús.
Rnr. 142458.

bilaland

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is



www.facebook.com/bilaland.is

Safnamenn álykta um óásættanlega stöðu Náttúruminjasafns Íslands: Ríkið axli ábyrgð á höfuðsafni

MENNING „Það er skýlaus krafa að hið opinbera axli þá ábyrgð sem því ber, og leggi sitt af mörkum til uppbyggingar Náttúruminjasafns Íslands. Það er forgangsmál að tryggja safninu húsnæði og sýningaraðstöðu til frambúðar,“ segir í ályktun stjórnar Félags íslenskra safna- og safnanna (FÍSOS) og Félags íslenskra safnafræðinga (FÍS).

Eins og Fréttablaðið greindi frá hefur Náttúruminjasafninu verið sagt upp núverandi húsnæði sínu. Á sama tíma er engin grunnsýning á

vegum safnsins frekar en mörg undanfarin ár. Beðið er ákvörðunar um uppsetningu sýningar í Perlunni.

Félögin skora á Alþingi og mennta- og menningarmálaráðuneyti að móta metnaðarfulla framtíðarsýn fyrir uppbyggingu á starfsemi Náttúruminjasafns Íslands, og tryggja rekstrargrundvöll safnsins svo sómi verði að fyrir þjóðina. Félögin segja að staða Náttúruminjasafns Íslands sé „algerlega óásættanleg, sem höfuðsafn þjóðarinnar í náttúrufræðum“.

-shá



SAFNKOSTUR Þess er krafist að Náttúruminjasafni verði tryggður viðeigandi húsakostur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



BARACK OBAMA, VLADIMÍR PÚTÍN OG XI JINPING Leiðtogar Bandaríkjanna, Rússlands og Kína fá allir á baukinn í nýrri ársskýrslu mannréttindasamtakanna Amnesty International. NORDICPHOTOS/AFP

Alþjóðasamfélagið sagt hafa brugðist

Mannréttindasamtökin Amnesty International vona að lágmarkinu hafi verið náð á árinu 2014. Eftir það geti ástand mannréttindamála farið að rétta aðeins úr kútnum aftur. Þetta ár hafi verið skelfilegt, eins og lýst er í nýrri ársskýrslu.

MANNRÉTTINDI „Þetta hefur verið skelfilegt ár fyrir þá sem reyna að berjast fyrir mannréttindum og þá sem sitja fastir í hörmungum stríðsátaka,“ segir í nýjustu ársskýrslu mannréttindasamtakanna Amnesty International.

„Við skulum þó vona að á næstu árum, þegar horft er til baka til ársins 2014,“ segir enn fremur, „þá verði litið á það sem við máttum ganga í gegnum á árinu 2014 sem lágpunkt, algjöru lágmarki hafi verið náð og við höfum síðan risið upp úr þessu og skapað okkur betri framtíð.“

Samtökin gagnrýna harðlega völdugustu ríki heims og alþjóðasamfélagið svonefnda, sem hafi brugðist seint og illa við hverju neyðarástandinu á fætur öðru.

Fastaríkin fimm í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna eru sérstak-

lega hvött til þess að afsala sér neitunarvaldi sínu í málum sem varða þjóðarmorð, stríðsglæpi og glæpi gegn mannkyni: „Það væri mikilvægt fyrsta skref og myndi bjarga mörgum mannlífum,“ segir í skýrslunni.

Grimmileg átök víða um heim hafa ekki aðeins kostað fjölda mannlífa heldur hrakið fólk frá heimilum sínum, þannig að flóttamannavandinn hafi aldrei verið meiri. Þar á stríðið í Sírylandi stærstan þátt, því fjórar milljónir manna hafa hrakist þaðan á síðustu árum. Flestir flóttamannanna frá Sírylandi halda til í nágrannaríkjunum, sem flest hver standa sjálf illa efnahagslega. Auðugu löndin í Evrópu og víðar eru hins vegar gagnrýnd fyrir að neita að taka á sig sanngjarnan hluta vandans.

„Það er viðbjóðslegt að sjá að auðugu löndin leggi alla áherslu á að halda fólki úti frekar en að hjálpa því að lifa,“ segir í skýrslunni.

Salil Shetty, framkvæmdastjóri Amnesty International, gagnrýnir valdamenn heims einnig fyrir að huga ekki að vernd almennra borgara, sem eigi þó að vera algert forgangsatíði þegar átök brjóta út. Alþjóðalög séu afskaplega skýr um það að árástir megi aldrei beinast að almennum borgurum: „Reglan um að greina á milli almennra borgara og bardagafólks er grundvallartrygging gegn því að fólk lenti í hryllingi styrjalda,“ segir hann.

„Og samt gerist það aftur og aftur að almennir borgarar lenda í eldliúna átakanna.“

gudsteinn@frettabladid.is

DÆMI UM GRÓF MANNRÉTTINDABROT

Mið-Afríkulýðveldið

Febrúar Fulltrúar frá Amnesty International fundu sannanir fyrir því að þjóðernishreinsanir hefðu verið stundaðar í vesturhluta landsins. Þær beindust gegn múslimum. Þúsundir manna létu lífið í átökum á árinu.

Egyptaland

Mars Dómsstóll í Kaíró dæmdi 529 manns til dauða. Allir voru þeir stuðningsmenn Mohameds Morsi, fyrrverandi forseta.

Nígería

Mars Meira en 640 manns voru teknir af lífi án dóms og laga í herbúðum í Maiduguri. Flestir voru þeir fyrrverandi fangar sem sluppu út þegar vígasveitir Boko Haram réðust á herbúðirnar. Fangarnir voru drepnir þegar herinn náði búðunum aftur á sitt vald.

Apríl Vígamenn Boko Haram-samtakanna rændu 276 stúlkum úr skóla í Chibok. Meira en 219 þeirra er enn saknað. Nígeríuher er sagður hafa fengið fyrirfram vitneskju um árásina á skólann fjórum klukku-

stundum áður en hún varð. Herinn gerði þó ekkert.

Brasilía

Júní Tugir mótmælenda voru handteknir og sættu misþyrmingum af hálfu lögregluinnar. Þetta gerðist þegar stjórnvöld voru að búa sig undir að halda heimsmeistaramótið í knattspyrnu.

Bandaríkin

Ágúst Lögreglumaðurinn Darren Wilson skaut til bana átján ára óvopnaðan mann, Michael Brown, í Ferguson í Missouri. Brown var dökkur á höndum en Wilson er hvítur. Í nóvember ákvað ákærúvíðdómur að Wilson yrði ekki ákærður.

Ísrael og Palestína

Meira en tvö þúsund Palestínurmen, allt almennir borgarar og þar af meira en 500 börn, létu lífið í 50 daga árásum Ísraels á Gasasvæðið síðastliðið sumar. Líðsmenn Hamas og annarra vopnaðra samtaka Palestínurmannanna skutu sprengjuflaugum yfir til Ísraels sem kostuðu 60 ísraelska hermenn og sjö almenna borgara lífið.

PRÓUN MANNRÉTTINDAMÁLA Á ÁRINU

● Í júní undirritaði Horacio Cartes lög um að frumbyggjasamfélag Sawhoyamaya-þjóðarinnar fengi til baka meira en 14 þúsund hektara landsvæði, sem það hefur í 20 ár barist fyrir að endurheimta.

● Í desember tók gildi Alþjóðasamningur um vopnaviðskipti sem á að hindra vopnasölu til ríkjá, sem myndu nota þau til að fremja voðaverk.

● „Pyntingar og önnur ill meðferð á fólki er áfram útbreidd í Kína,“ segir í skýrslunni og er nefnt dæmi um fjóra lögfræðinga sem voru að rannsaka frásagnir um pyntingar í Kína þegar þeir voru sjálfir handteknir og pyntaðir. Þá segir í skýrslunni að í Kína hafi aðgerðir gegn mannréttindabaráttufólki færst í aukana á árinu. Einn slíkur baráttumaður, Cao Shunli, hafi látist á sjúkrahúsi eftir að hafa verið neitað um viðeigandi meðferð í varðhaldi.

netto
Kræsingar & kostakjör



-20%

LAMBAFILE
M/FITU - FERSKT

3.783

ÁÐUR 4.729 KR/KG



FRYSTIVARA

-21%

KJÚKLINGABRINGUR
DANSKAR - 900G

1.391

ÁÐUR 1.761 KR/PK



-30%

PÍTABUFF
M/ 6 BRAUÐUM

944

ÁÐUR 1.349 KR/PK



FAJITA SÓSA
MILD/MED. - DISCOVERY

269

ÁÐUR 299 KR/STK



-50%

GRÍSAHAKK
STJÖRNUGRÍS

649

ÁÐUR 1.298 KR/KG



ORGANIC PIZZUR
MARGHERITA 340 G

398

ÁÐUR 498 KR/STK

ORGANIC PIZZUR
2 TEG. 340 G

498

ÁÐUR 598 KR/STK



-50%

MANGO
ÁVÖXTUR VIKUNNAR

245

ÁÐUR 489 KR/KG



SÚKKULAÐIBITAKEX
X-TRA 150G

169

ÁÐUR 196 KR/STK



PRJÓNA
DAGAR

-20%

SMOOTHIE BLÖNDUR
3 TEG. - 600G

497

ÁÐUR 599 KR/PK

AFSLÁTTUR
AF GARNI OFL.

Tilboðin gilda 26. feb. - 1. mars. 2015

Tilboðin gilda meðan birgðir endast.
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

www.netto.is

Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík
Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

DEBENHAMS

*Gerðu lífid
skemmtilegra*

krakka DAGAR
KAUPTU 1 FÁÐU 1 Á


**HÁLF
VIRÐI***

ALLUR BARNAFATNAÐUR & SKÓR

Gildir út sunnudag

*Gildir ekki af útsöluvörum eða með öðrum tilboðum

*Greitt er fullt verð fyrir dýrari flíkina

 Finndu okkur á facebook

Opið í dag 11 - 21

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

Ræða nýtt viðskiptalíkan: Stafar ógn af deiliahagkerfinu?

Stafar ógn af deiliahagkerfinu eða býður það upp á ný tækifæri? Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, Gunnar Haraldsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar, og fleiri reyna að svara því á morgunverðarfundum í Ráðhúsi Reykjavíkur í fyrramálið.

Deiliahagkerfið er viðskiptakerfi sem gefur einstaklingum og fyrirtækjum möguleika á að deila sömu gæðum án þess að eiga þau. Bæði Airbnb og bílaþjónustan Uber nota slíkt líkan. - jhh

Landsvirkjun segir fyrirtækið ekki ná að anna eftirspurn eftir rafmagni: Vilja auknar virkjanaheimildir

Hagnaður Landsvirkjunar á síðasta ári nam tíu milljörðum króna en árið áður var fimm milljarða tap. Nettó skuldir lækkuðu um 31 milljarð króna á milli ára og voru í árslok 285 milljarðar króna.

Samkvæmt ársreikningi námu rekstrartekjur á síðasta ári 57 milljörðum króna og hækkuðu um 3,6 prósent frá fyrra ári. Hörður Arnarsson, forstjóri Landsvirkjunar, bendir á að nettó skuldir hafi lækkað um rúma 80 milljarða króna frá árslokum 2009. „Með

aukinni fjármunamyndun vegna aukinnar orkusölu, hærra raforkuverðs og lægri skuldsetningar munu tækifæri til arðgreiðslna aukast verulega á næstu árum,“ segir Hörður.

Í afkomutilkynningu segir að eftirspurn eftir raforku sé orðin meiri en framboð. Nauðsynlegt er því að auka orkuvinnslu ef mæta á þessari eftirspurn. Næstu virkjanir verði á Þeistareykjum en mikilvægt sé að fyrirtækin verði gert mögulegt að virkja í neðri hluta Þjórsár. - jhh



SÁTTUR Hörður telur að tækifæri til arðgreiðslna muni aukast. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bætt afkoma þótt verð lækki: Hagnaðurinn 1,6 milljarðar

Hagnaður N1 á síðasta ári nam 1,6 milljörðum króna, en var 670 milljónir árið á undan. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) árið 2014 nam 2,7 milljörðum samborið við tæplega 1,8 milljarða króna árið 2013.

Hagnaður á fjórða fjórðungi nam aftur á móti 283 milljónum króna borið saman við 141 milljón króna tap árið á undan.

Lækkun heimsmarkaðsverðs á olíu hafði áhrif á rekstur félagsins. - jhh



FORSTJÓRINN HRINGIR BJÖLLU HB Grandi var skráð á markað á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Tekjur HB Granda aukast: Greiðir 2,7 milljarða í arð

Stjórn HB Granda leggur til við aðalfund að greiddur verði arður sem nemi 1,50 krónum á hlut til hluthafa, eða 2,7 milljörðum króna. Þetta kemur fram í afkomutilkynningu félagsins.

Ársreikningur félagsins var samþykktur á stjórnarfundum í gærmorgun og kynntur fjárfestum síðar um daginn.

Tekjur HB Granda voru í fyrra 33,2 milljarðar króna en voru 30,1 milljarðar árið á undan. EBITDA var 7,7 milljarðar en var sjö milljarðar árið áður. Hagnaður var 5,6 milljarðar, en var tæplega 5,5 milljarðar árið áður.

Eignir HB Granda nema 56,4 milljörðum króna, skuldir eru 22,7 milljarðar og eigið fé 33,7 milljarðar. - jhh

LÖGFRÆÐIADSTOÐ
ORATORS
 - félag laganema við Háskóla Ísland

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.

Eigendur bankanna fá ekki arðinn úr landi vegna hafta

Miðað við arðgreiðslustefnu Íslandsbanka hefði bankinn átt að greiða eigendum rúma níu milljarða króna í arð á síðasta ári. Vegna gjaldeyrishafta greiddi bankinn einungis fjóra. Arion banki greiddi mun meira.

Eiginfjárlutfall Íslandsbanka um síðustu áramót var 29,6% en var 28,4% árið á undan. Þetta má lesa út úr ársreikningi bankans sem birtur var í gær. Eigið fé er 185 milljarðar króna en nam 167 milljörðum í árslok 2013. Það er 11 prósent hækkingun á milli ára.

Hagnaður Íslandsbanka var 22,8 milljarðar króna og var 23,1 milljarðar króna í fyrra.

Eigendur fengu greidda samtals fjóra milljarða í arð á síðasta ári eða rétt rúmlega 17 prósent af hagnaði ársins 2013. Arðgreiðslustefna bankans gerir aftur á móti ráð fyrir að eigendur fái 40 prósent af hagnaði bankans í arð. Á aðalfundi bankans verður ákveðið hversu mikið bankinn mun greiða eigendum sínum í arð vegna síðasta árs.

Arðsemi eigin fjár Íslandsbanka var 12,8 prósent á árinu 2014 samborið við 14,7 prósent árið 2013. Í afkomutilkynningu Íslandsbanka kemur fram að þessi niðurstaða sé langt yfir langtíamarkmiði bankans um 12 prósent arðsemi eiginfjár og góð afkoma þrátt fyrir að eigið fé bankans fari hækkanði. Birna Einarsdóttir bankastjóri sagði aftur á móti á fundinum að það yrði erfiðara að ná arðsemi á eigið fé þegar eigið fé fer hækkanði líkt og verið hefur.

Eiginfjárlutfall Arion banka var 26,3 prósent í lok árs. Eigið fé bankans var 162,2 milljörðum króna en nam 144,9 milljörðum króna í lok árs 2013.

Hagnaður bankans nam 28,6

185 milljarðar var eigið fé Íslandsbanka í lok síðasta árs og hafði hækkað um átján milljarða króna. Eigið fé Arion hækkaði úr 144,9 milljörðum í 162,2 milljarða króna.

milljörðum á árinu 2014 en 12,66 milljörðum á árinu 2013. Bankinn greiddi arð til hluthafa sinna upp á 7,8 milljarða króna á árinu 2014. Arðgreiðslurnar námu því rétt tæplega 62 prósentum af hagnaðinum árið 2013. Í ársreikningnum kemur fram að stjórn bankans leggur til að 45 prósent af hagnaði ársins verði greidd út sem arður á árinu 2015 vegna ársins 2014.

Bæði Íslandsbanki og Arion banki eru að stærstum hluta í eigu kröfuhafa. 87 prósent hlutur í Arion er í eigu Kaupþings í gegnum félagið Kaupskil, en íslenska ríkið á 13 prósent. Glitnir hf. á 95 prósent hlut í Íslandsbanka en íslenska ríkið á fimm prósent í bankanum.

Segja má að eigendur Kaupþings og Glitnis séu að stærstum hluta erlendir kröfuhafar. Þessir kröfuhafar fá greiddan arðinn í íslenskum krónum og vegna fjármagnshafta hafa þeir takmarkaða möguleika á að skipta þeim í erlenda mynt.

jonhakon@frettabladid.is



BANKASTJÓRI Birna Einarsdóttir segir að það verði erfiðara að ná arðsemi á jafn hátt eigið fé. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Auknar rekstrartekjur og rekstrarhagræðing skila 335 milljóna hagnaði: MP banki snýr tapi í hagnað

Hagnaður MP banka á árinu 2014 nam 335 milljónum króna eftir skatta, samborið við 477 milljóna króna tap árið 2013.

Bætt afkoma í rekstri MP banka á síðari hluta ársins 2014 skýrist meðal annars af því að rekstrartekjur jukust um 23% á milli árshelminga, að því er fram kemur í afkomutilkynningu. Rekstrartekjur ársins í heild námu 3.328 milljónum króna. Hreinar þóknatekjur jukust um 12% á milli árshluta 2014, en þær námu 814 milljónum króna á fyrri hluta ársins og 916 milljónum króna á síðari hluta ársins. Hreinar þóknatekjur ársins 2014 í heild námu því 1.730 milljónum króna.

Hreinar vaxtatekjur lækkuðu um 7% á milli árshelminga. Þær námu 628 milljónum króna á síðari hluta ársins en voru 674 milljónir króna á fyrri hluta þess. Fyrir árið í heild námu hreinar vaxtatekjur 1.302 milljónum króna.

Í tilkynningunni kemur líka fram að vegna umfangsmikilla hagræðingaraðgerða sem gripið var til á fjórða ársfjórðungi 2013 og á fyrri hluta ársins 2014 hefur kostnaður bankans lækkað verulega.

Rekstrarkostnaður lækkaði um tæpar 600



FORSTJÓRINN Sigurður Atli Jónsson segir að í lok árs 2013 hafi verið byrjað að einfalda rekstur.

milljónir króna á milli ára, fór úr 3.669 milljónum króna árið 2013 niður í 3.071 milljónir króna árið 2014. - jhh



Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands svf.

Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands svf. verður haldinn á Goðalandi Fljótshlíð, föstudaginn 20. mars 2015 og hefst kl. 15:00.

Dagskrá:

1. Aðalfundarstörf samkvæmt 24. gr. samþykkt félagsins.
2. Önnur mál.

Tillögur frá félagsaðilum sem bera á fram á aðalfundi þurfa að vera komnar skriflega í hendur stjórnarinnar eigi síðar en 14 dögum fyrir aðalfund. Framboð til stjórnar og varastjórnar skal hafa borist skriflega í hendur stjórnarinnar eigi síðar en þremur vikum fyrir aðalfund í samræmi við 2. mgr. 27. gr. samþykkt félagsins.

Reykjavík, 24. febrúar 2015.

Stjórn Sláturfélags Suðurlands svf.

TOPPLYKLASETT 22 STK

3/8" 6 - 22mm
Skrall
Frاملengingar
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI2202

6.900 m/vsk

Fullt verð 8.588



TOPPLYKLASETT 20 STK

1/2" toppar
Skrall 36 tanna
Stærðir 8 - 32mm
Flott sem áfylling í sett

vnr IBTGABB2001

4.900 m/vsk

Fullt verð 8.500



6.900 m/vsk

5.900 m/vsk

8.900 m/vsk



16.900 m/vsk

4.900 m/vsk

8.900 m/vsk

TOPPLYKLASETT 94 STK

1/4" 4 - 14 mm
1/2" 10 - 32 mm
Bitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI094R

14.900 m/vsk

Fullt verð 22.584



TILBOÐ

VERKFÆRASETT 130 STK

1/4" - 3/8" - 1/2"
Toppar 4 - 32 mm | 5/32" - 1 1/4"
Lyklar 8 - 22 mm
E toppar, sexkantbitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI130B

24.900 m/vsk

Fullt verð 37.947



VERKFÆRASETT 96 STK

Toppar 1/4" - 1/2" 4 - 32 mm
Toppar, lyklar, skrúfjárn, töng
Nippillyklar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI9601

21.900 m/vsk

Fullt verð 36.732




VERKFÆRASETT 150 STK

Toppar 1/4" - 1/2" 4 - 32 mm
Fastir lyklar 6 - 24mm,
Skrúfjárn, tangir, sexkantasett
Slaghamar, krafttöng
Nippillyklar og fl.

vnr IBTGCAI150R

39.900 m/vsk

Fullt verð 49.900



VERKFÆRATASKA STÁL 111 STK

Toppar 4 - 32 mm - Lyklar 8 - 32mm
skröll, skrúfjárn og margt fleira

39.900 m/vsk

Fullt verð 56.854



TOPPLYKLASETT 14 STK

Toppar 1" 36 - 80 mm
skrall og frاملengingar

49.900 m/vsk

Fullt verð 68.253



7 SKÜFFUR

SÁ VINSÆLI

283 verkfæri 177.750 m/vsk



KÚRÐU MEÐ KAKÓ OG KILJU Í KVÖLD

1.

Metsölulisti
Eymundsson

ALEX

„Grípandi og frumleg ...
kemur sífellt á óvart.“
THE TIMES

PIERRE LEMAITRE
ALÞJÓÐLEGI RÝTINGURINN 2013
VERÐLAUN CWA, SAMTAKA BRESKRA
GLÆPASAGNAHÖFUNDA

СТЕБЪЗВОИВНОЕПИД
ЛЕВРГУПИ СМУ* ЗУИІАКУ ВВЕЗКВ
УГРІОБГЕСІ ВЪІІІЕПВІІІ 2013
КЕ ГЕШВІІКЕ

Alex

Vildarverð: 3.299.-

Verð áður: 3.699.-




5% afsláttur af ÖLLUM
VÖRUM einnig tilboðum

NÝVERSLUN
LAUGARVEGI 77



Krúttlegt hekl fyrir litlar tásur
Vildarverð: 3.899.-
Verð áður: 4.499.-



Aftur á á kreik
Vildarverð: 3.299.-
Verð áður: 3.699.-




Dansað við björninn
Vildarverð: 3.119.-
Verð áður: 3.899.-



Afturgangan
Vildarverð: 2.999.-
Verð áður: 3.699.-



Öræfi - Kilja
Vildarverð: 2.999.-
Verð áður: 3.699.-



Hreint mataræði
Vildarverð: 3.499.-
Verð áður: 3.999.-



Óvættavör 18
Vildarverð: 2.699.-
Verð áður: 3.099.-



Risasyrpa - Sjóræningjar
Vildarverð: 2.499.-
Verð áður: 2.899.-



Heimsmetabók Skúla
Vildarverð: 1.499.-
Verð áður: 1.699.-



Kuggur 3 - Geimferð
Vildarverð: 1.699.-
Verð áður: 1.999.-



Kuggur 13 Tölvuskrímslið
Vildarverð: 1.699.-
Verð áður: 1.999.-



Þekkir þú Línu langsokk ?
Vildarverð: 2.599.-
Verð áður: 2.999.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvalлагötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Flugstöð Leifs Eiríkssonar



Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verzlunum. Gildistími afsláttar er frá 26.febrúar, til og með 1.mars. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Af tvennu illu velur almenningur verðtrygginguna:

Stjórnin syndir á móti straumnum

Í undirbúningi er bann við verðtryggðum neytendalánum. Þó ekki að fullu. Meðan unnið er að lagasetningu um bann við verðtryggðum lánnum, það er til tuttugu og fimm ára eða lengur, vill svo til að flest það fólk sem tekur lán til íbúðar-kaupa kys að taka verðtryggð lán frekar en óverðtryggð. Ríkisstjórnin hyggst synda á móti straumnum. Taka vinsælasta kostinn frá fólki – og það með lagaboði.

Sigurjón Magnús Egilsson

sme@frettabladid.is



Hvað ætli valdi því að fólk vill almennt verðtryggð lán frekar en óverðtryggð? Að það sé haldið kvalalosta? Nei, ætli ástæðan sé ekki frekar sú að vaxtaþíningin hér hreki fólk til að taka verðtryggð lán. Afborganir af óverðtryggðum lánnum eru svo miklar að allur almenningur stendur ekki undir afborgunum og vöxtum. Formaður velferðarnefndar Alþingis, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, sagði í þingræðu að ólíklegt væri að þeir lántakendur sem í dag taka fjórutíu ára verðtryggð lán myndu fletta sig yfir í óverðtryggð lán. Hún sagði að í raun myndi sú aðgerð fyrst og fremst draga úr húsnæðisöryggi fólks með lægri tekjur því mánaðarleg greiðslubyrði yrði hærri.

Ef Sigríður Ingibjörg er að greina þetta rétt, munu væntanleg lög þringja enn að lántakendum.

Hvað ætli valdi því að fólk velur verðtryggð lán frekar en óverðtryggð? Kann að vera að ástæðan sé staða krónunnar og hversu háir vextir eru af óverðtryggðum lánnum? Við erum með níutíu sinnum hærri stýrivexti en eru á evrusvæðinu, margfalt hærri en eru á öðrum Norðurlöndum. Vaxtaþíningin á Íslandi hreki fólk til að taka verðtryggð lán. Þannig á það möguleika á að standa undir íbúðarkaupum. Auðvitað vilja Íslendingar ekki vera einir með verðtryggingu á neytendalánnum, við viljum ekki heldur vera með gjaldmiðil sem hvergi er gjaldgengur og enginn veit í raun hvers virði er. Til að lifa við þá óvissu sem þessu öllu fylgir er val neytenda að láta sig hafa verðtryggð lán frekar en að borga þá himinháa vexti sem annars þyrfti að gera. Kostirnir eru vondir. Fólk þykir verðtryggingin skást.

Áður en samstaða næst um afnáam verðtryggingar er þeim sem vilja ákveða slíkt bent á að lesa nýjasta hefti Fjármálastöðugleika Seðlabanka Íslands. „Á árinu 2014 hefur eftirspurn eftir verðtryggðum íbúðalánnum verið meiri en eftir óverðtryggðum. Ýmsar ástæður geta verið fyrir þessari þróun eins og minnkun verðbólgu og verðbólguvæntinga, en raunvextir óverðtryggðra lána hafa hækkað þar sem nafnvextir þeirra hafa verið óbreyttir síðustu misserin.“ Það er einmitt það. Vaxtaþíningin hefur þau áhrif að fólk sér ekki betri kost en verðtryggingu.

Gera verður þá kröfu til stjórnvalda að þau vinni að því að jafna kjör okkar og hinna norrænu ríkjanna og umfram allt ekki sameinast um að svipta lýðinn, þjakaðan af alls kyns okri og óáran, þeirri leið sem fólk kys að fara í viðleitni sinni til að geta eignast eigin íbúð.

Ef fólk finnur á eigin skinni að betra sé að verjast verðtryggðu láni en óverðtryggðu, þá á bara að leyfa því það, leyfa fólkinu að velja.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Eðlileg hugsanatengsl

Bólusetningar barna hafa verið nokkuð í umræðunni undanfarið. Mörg sjónarmið hafa komið fram og ýmsum er heitt í hamsi. Halldóra Mogensen, þingmanni Pírata, blóskar þau viðbrögð sem viðtal Stöðvar 2 við móður sem ákvað að bólusetja ekki barn sitt hefur vakið og ákvað að vekja máls á þeim á þingi í gær. Reyndar kom hún ekki inn á hver hefði sýnt þessi viðbrögð, enda skipti það kannski minnstu, viðbrögðin minntu Halldóru á þöggun. Konan nefnd ónefnum og fréttamaðurinn jafnvel líka. „Mér er hugsað til Bandaríkjanna eftir 11. september 2001 þar sem ekki mátti gagnrýna valdstjórnina án þess að vera uppnefndur „Un-American“ eða „Anti-Patriot“,“ sagði Halldóra á þingi.

Oflof er háð

Nú má vel vera að einhverjir hafi farið offari í viðbrögðum við umræddu viðtali og afstöðu móðurinnar. En á sama hátt og oflof er háð getur ofhneykslun snúist upp í andhverfu sína. Það er ágætt að kveða fast að orði, en er það virkilega svo að viðbrögð við viðtali um bólusetningar minna helst á umræðuna í Bandaríkjunum eftir hryðjuverkaárásum? Minna þau ekki bara á hefðbundna, íslenska umræðuhefð sem sjá má nær daglega?

Þá viltu bara virkja!

Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingar, gerði það að umtalsefni í gær að forsætisráðherra hefði ekki komið á fund með Apple um mögulegt gagnaver, en RUV greindi frá því á dögunum. Ásmundur Einar Daðason, þingmaður Framsóknarflokksins og einn aðstoðarmanna forsætisráðherra, henti þetta á lofti.

Þetta hlyti að þýða að Helgi vildi virkja meira og væri þar með bandamaður stjórnvalda um frekari virkjanaáform. Vel af sér vikið atarna. Ef einhver vill upplýsingar um fund sem ekki varð, hlýtur það að þýða að hann vilji virkja hvergi og fossa þessa lands.

kolbeinn@frettabladid.is



HALLDÓR



Ísland – best í heimi?

SAMFÉLAG



Sema Erla Serdar
stjórnmála- og
Evrópufræðingur

Þau eru mörg dæmin sem hægt er að telja upp sem gætu rökstutt þá fullyrðingu að Ísland sé best í heimi. Hrein náttúra, lág glæpatíðni, staða jafnréttismála, besti bjórinn, Björk og Bæjarins bestu eru nokkur af þeim dæmum sem við Íslendingar notum óspart til þess að sannfæra okkur sjálf og aðra um að Ísland sé í raun best í heimi.

Annað sem við viljum gjarnan státa okkur af er hið opna og frjálsa lýðræðis-samfélag þar sem jafnrétti og réttlæti er við lýði og fólk er ekki mismunað, hvort sem er á grundvelli kyns, kynþáttar, kynhneigðar, trúarbragða, litarhafts eða öðru sem greinir einn einstakling frá öðrum, enda er öllum tekið með opnum örmum hér á Íslandi.

Það eru ekki einungis Íslendingar sem sjá rómantíkuna í þessu öllu saman og því hefur Ísland í langan tíma vakið áhuga fólks á landi og þjóð og margir hafa lagt leið sína hingað til þess að kynna þessari dularfullu, framandi og fjarlægju eyju. Sumir hafa gengið enn lengra og sest hér að, með von um betra líf. Imane Errajea er ein af þeim.

Imane sagði sögu sína í Fréttatímanum. Þar segir hún frá því að hún geti ekki hugsað sér lengur að búa á Íslandi vegna þeirrar framkomu sem fólk hefur sýnt henni þau þrjú ár sem hún hefur búið hér ásamt eiginmanni sínum og barni. Hún segir frá því

hvernig fólk hefur forðast hana, ekki vilja að kynna henni vegna uppruna hennar, niðurlægt hana, hunsa hana úti á götu og hvernig hún hefur verið lögð í einelti af hendi starfsmanna Strætó!

Það er ekki annað hægt en að finna fyrir sorg, reiði og skömm eftir slíkan lestur. Að einstaklingum sem koma hingað til lands til þess að finna hamingju, frið og frelsi sé útskýfað úr samfélaginu, hafi aldrei verið jafn einmana og hér á landi og telji sig þurfa að leita til annars lands til þess að börn þeirra fái tækifæri til þess að verða hamingjusöm.

Það er ólíðandi að hér sé einstaklingum mismunað vegna uppruna þeirra, trúarbragða eða húðlitar. Það er ólíðandi að hér sé fólk lagt í einelti vegna þess að það er ekki fætt og uppalið á Íslandi. Það er ólíðandi að hér leyfi menn sér að útskýfa fólk vegna þess að það talar annað tungumál og það er ólíðandi að fólk leyfi sér framkomu eins og Imane lýsir.

Verum áfram það samfélag sem státar sig af náttúruperlum, friði, öryggi og Björk Guðmundsdóttur. Verum ekki það samfélag sem einkennist af þjóðernisrembingi, fordómum og einelti og hrekur í burtu fólk sem hefur ákveðið að koma til Íslands, setjast hér að og hefja nýtt líf.

Það Ísland er langt frá því að vera best í heimi.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG ADALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson sme@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Aðalfundur

Aðalfundur Rauði krossins í Reykjavík verður haldinn fimmtudaginn 12. mars 2015, kl. 17:17 í húsnæði deildarinnar að Skúlagötu 21 - 1.hæð.

Á dagskrá verða venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt lögum félagsins.

Arndís Gunnarsdóttir lögfræðingur
Rauða krossins mun flytja erindi um málefni hælisleitenda.

Framkvæmdastjóri



Rauði krossinn
Reykjavík

Fyrirgefum vorum skuldunautum

Í DAG

Porvaldur Gylfason
hagfræðiprófessor



Fyrirgefning skulda er hversdagsleg athöfn í samskiptum manna og hefur verið það alla tíð. Texti trúarjátningarinnar ber vitni: Fyrirgefning varar skuldir svo sem vér og fyrirgefum vorum skuldunautum. Skuldafyrirgefning hvílir á þeirri einföldu hugmynd, að lánasamningar eru samningar a.m.k. tveggja. Þarfnist lánasamningur endurskoðunar í ljósi breyttra aðstæðna, kemur endurskoðun til kasta beggja aðila. Þetta er í hnotskurn vandi verðtryggingarinnar hér heima. Hún hlífir lánveitandanum, þegar höfuðstóll lána hækkar í verðbólgu, svo að lánveitandinn situr einn uppi með afleiðingar verðbólgunnar. Og þetta var einn vandi verðbólgunnar fyrir daga verðtryggingarinnar. Verðbólgan verðlaunaði lánveitandann, og lánveitandinn sat eftir með sárt ennið. Þess vegna þarf að breyta framkvæmd verðtryggingarinnar, svo að hún fari bil beggja með því að skipta áhættunni milli lánveitanda og lánveitenda.

Pung skuldabyrði

Áþekkur vandi er nú uppi í samskiptum grísku ríkisstjórnarinnar við ESB. Erlendar skuldir gríska ríkisins nema 175% af landsframleiðslu. Vextir og afborgarnir af svo miklum skuldum sliga gríska skattgreiðendur, þótt verulega hafi verið slegið af vaxtakvæð-

inni. Landsframleiðsla Grikklands hefur skroppið saman um meira en fjórðung síðan 2008, og rösklega fjórði hver Grikki er atvinnulaus. Þetta er auðvitað engin hemja. Grikkir fóru illa að ráði sínu með því að safna skuldum upp fyrir haus, en það gerðu Þjóðverjar einnig og aðrir með því að lána þeim allt þetta fé. Þjóðverjar þurfa að muna, að þeir þurftu ekki að ljúka nema hluta erlendra skulda sinna milli stríða á síðustu öld. Þeir sömdu um niðurfellingu. Það er meginreglan í samskiptum einstaklinga og þjóða, þegar út af ber.

Skýringar

Af hverju stafar stífni Þjóðverja gagnvart Grikkjum? Hún á sér ýmsar skýringar.

- Grikkland er gerspillt, næsti bær við Búlgaríu og Rúmeníu (og einnig Ítalíu), og þar er næstum öllu stolið steini léttara. Þegar Gallup spurði 1.200 Grikki 2012, hvort þeir teldu spillingu útbreidda í stjórnsýslu landsins, sögðu 92% já borið saman við 58% í Þýzkalandi (og 67% hér heima). Hin hliðin á málinu er, að ESB hefði mátt setja Grikkjum o.fl. aðildarlöndum stólinn fyrir dyrnar og heimta varnir gegn spillingu, en það var ekki gert.
- Grískir kjósendur geta ekki, segja Þjóðverjar, ákveðið í kosningum að hlaupa burt frá skuldum sínum. Kjósendur þurfa að axla ábyrgð á fv. ríkisstjórn, sem tók lánin. Öðru máli myndi gegna um einræðisríki, en Grikkland er lýðræðisland.
- Ef Grikkjum er boðin niðurfelling skulda (þeir stinga upp á 50% klippingu, sem kallað er,

þ.e. að helmingur skuldanna verði látinn niður falla gegn því, að gagngerar umbætur nái fram að ganga, m.a. annars til að skera upp herðir gegn spillingu), þá munu aðrar skuldugar ESB-þjóðir væntanlega biðja um sams konar klippingu.

- Ef Grikkir fá 50% klippingu, er sagt, þá mun andstæðingum ESB vaxa ásmegin í Þýzkalandi og öðrum aðildarlöndum, og þá kann evran að lenda í enn alvarlegri lífshættu og jafnvel ESB sjálft. Evrunni stafar því, segja menn, enn meiri hætta af eftirgjöf handa Grikkjum en af kröfunni um, að Grikkir standi í skilum.

Hvað er til ráða?

Þýzka ríkisstjórnin ræður ferðinni í viðræðum ESB við Grikki. Og þýzka stjórnin er klofin. Sumir þar tala máli Grikkja með rökum um skuldafyrirgefningu líkt og rakið var að framan, en aðrir telja Grikki þurfa að standa skil á skuldum sínum – að vísu ekki full skil, heldur með dulbúnum afslætti, svo að önnur ESB-lönd biðji ekki einnig um afslátt. Reynolds mun leiða í ljós, hvor fylkingin verður ofan á. Greiðasta leiðin út úr vandanum sýnist mér vera eftirgjöf handa Grikkjum með því m.a. að tengja greiðslur af lánunum við greiðslugetu Grikkja, þ.e. vöxt landsframleiðslu, og slá jafnframt af kröfum um niðurskurð í fjármálum ríkisins gegn loforði Grikkja um að taka sér tak og ráðast að rótum spillingarinnar. Slíkri eftirgjöf þyrfti að fylgja rækleigt samtál leiðtoga Þýzkalands og annarra ESB-ríkja við kjósendur, þar sem rökin fyrir þessari niður-

AF NETINU

200 kr. auðlindarenta



Kvótasvangar útgerðir borga kvótagreifum um 200 krónur á kíló í kvótaleigu. Það segir nokkuð vel, hver auðlindarentan til

þjóðarinnar eigi að vera. Hún á að vera um 200 krónur á kíló. Það er álagið, sem kvótinn kostar á frjálsum markaði í dag. Séu menn fylgjandi frjálsum markaði, geta þeir ekki verið á móti notkun hans. Auðvitað mætti komast betur að raun um verðgildi kvótans með því að setja hann á opið uppboð. Það er viðskiptavenja markaðshagfræðinnar. Skrítið, hversu illa hægri mönnum er við markaðshagfræði og frjálsa verðmyndun. Það er vegna þess, að Sjálfstæðisflokkurinn er í rauninni séríslenzkur kommúnistaflokkur.

<http://www.jonas.is>

Jónas Kristjánsson

Guð og fleira smotteri

Ég man hvað Jón Gnarr var leiðinlegur þegar hann var kapólskur og var alltaf með einhverja helgislepju og „það-er-svo-erfitt-að-vera-manneskja“-væl aftan á Fréttablaðinu. Jú jú, það er ægilega erfitt að komast í gegnum þetta líf án þess að missa tökin á leiðinni og stundum er ágætt að velta sér upp úr því hvað þetta sé nú erfitt (sérstaklega í janúar og febrúar), en líkt eins og Jón Gnarr nú þá hef ég aldrei getað trúað á guði og útskýringar trúarbragða. Ég veit bara ekkert um þetta og hallast helst að því að rétt eins og sílfurskottan skilur ekkert í nanótækni, þá hafi ég bara ekki andlega burði til að skilja alheiminn.

<http://eyjan.pressan.is>

Dr. Gunn

AÐALFUNDUR FJARSKIPTA HF.

Aðalfundur FjarSKIPTA hf. (Vodafone) verður haldinn fimmtudaginn 19. mars 2015 kl. 16:00 á Hilton Reykjavík Nordica að Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík.

Dagskrá fundarins:

- Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess á liðnu starfsári.
- Ákvörðun um hvernig skuli fara með hagnað félagsins á reikningsárinu 2014.
- Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagður fram til staðfestingar.
- Tillaga um stefnu um arðgreiðslur og/eða endurkaup eigin hluta.
- Tillaga um starfskjarastefnu félagsins.
- Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir árið 2015.
- Kosning stjórnar félagsins.
- Kosning tveggja fulltrúa í tilnefningarnefnd félagsins í samræmi við starfsreglur stjórnar og starfsreglur tilnefningarnefndar.
- Kosning endurskoðanda félagsins.
- Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins, þ.m.t. um lækkuð hlutafjár til jöfnunar eigin hluta.
- Tillaga um að heimila félaginu kaup á eigin hlutum.
- Önnur mál löglega upp borin.

Aðrar upplýsingar:

Öll skjöl og tillögur sem lögð verða fyrir aðalfund er að finna á vefsíðu félagsins vodafone.is/fjarfestatengsl. Hluthöfum stendur einnig til boða að nálgast skjölin í höfuðstöðvum félagsins að Skútuvogi 2, 104 Reykjavík, virka daga milli kl 09:00 – 16:00.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt umboð á eyðublaði sem unnt er að nálgast á vef félagsins.

Óski hluthafi eftir að koma máli eða tillögu á dagskrá aðalfundar skal slík beiðni koma fram eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund, eða fyrir kl. 16:00 fimmtudaginn 5. mars 2015.

Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar tveimur vikum fyrir fundinn.

Unnt er að koma framboðum til stjórnar á framfæri við sérstaka tilnefningarnefnd, sem starfar á grundvelli leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja. Tilkynning um framboð skal vera á sérstöku eyðublaði sem tilnefningarnefnd félagsins lætur í té og unnt er að nálgast á vef félagsins. Skal senda framboðstilkynningu á netfangið: tilnefningarnefnd@vodafone.is eigi síðar en tveimur vikum fyrir fund. Vegna eðlis og umfangs starfa nefndarinnar getur nefndin ekki lagt mat á framboð sem berast eftir það tímamark. Mun tillaga nefndarinnar um tilnefningar stjórnarmanna til hluthafafundar liggja fyrir eigi síðar en 10 dögum fyrir hluthafafund.

Samkvæmt 63. gr. a. hlutfélagalaga nr. 2/1995 ber að tilkynna um framboð til stjórnar skriflega minnst fimm sólarhringum fyrir aðalfund, eða fyrir kl. 16:00 laugardaginn 14. mars 2015. Framboð sem berast skemur en tveimur vikum fyrir fund skulu því berast á netfangið: stjorn2015@vodafone.is.

Í samræmi við breytta starfsreglur stjórnar og starfsreglur tilnefningarnefndar gefst hluthöfum nú tækifæri að kjósa tvo af þremur fulltrúum í tilnefningarnefnd, sem er undirnefnd stjórnar. Framboðsfrestur til tilnefningarnefndar er til kl. 16.00 laugardaginn 14. mars 2015 og ber að skila framboðum á netfangið: tilnefningarnefnd2015@vodafone.is.

Reglur um stjórnarkjör gilda eftir því sem við getur átt um kosningu tilnefningarnefndarfulltrúanna.

Endanlegar upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

Aðgöngumiðar, atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent frá kl. 15:30 á aðalfundardegi.



Vodafone
Góð samskipti bæta lífið

Nei, þú ert ekki sjálfur GuðJón

Það hefur óneitanlega verið hjákátlegt að fylgjast með viðbrögðum við grein sem Jón Gnarr skrifaði í Fréttblaðið þar sem hann segist ekki trúa á guð.

TRÚMÁL



Valgarður Guðjónsson
félagi í Síðmennt og Vantrú

Það hefur vart mátt opna dagblað eða detta inn á vefsíðu án þess að rekast á greinar frá prestum og/ eða öðrum talsmönnum kirkjunnar sem hafa mikla þörf fyrir að segja Jóni að hann sé nú bara samt trú- aður.

Kannski er þetta ný tegund af trúboði, ef ekki er hægt að fá fólk til að trúa, þá er bara að endurskilgreina hvað það er að vera trúaður.

En þetta yfirlæti og virðingarleysi fyrir skoðunum annarra er

svo sem ekkert nýtt fyrir okkur sem höfum vogað okkur að lýsa yfir trúleysi. En það er skondið að sjá viðbrögðin dregin saman í einhvers konar „pilluformi“.

Það eru nokkrir rauðir þræðir í þessari umræðu.

Þú trúir nú bara samt á GuðJón.

Þetta er svona hálf (eða reyndar alveg) galin full- yrðing við mann sem er nýbúinn að segja að hann

geri það ekki. Ekki dettur mér í hug að segja við trúaða vini mína

að þeir séu nú bara víst trúlausir. Þú verður bara að finna þinn eigin GuðJón.

Þetta er viðkvæði þeirra sem segja að ekki megi túlka trú á guð eins þröngt og trúarbrögðin gera, guðinn sé nú bara eitthvað óápreifanlegt, óljóst, óskilgreint, þokukennt fyrirbæri sem hver geti haft eins og hann eða hún kys. Kannski er þetta einhvers konar flótti þeirra sem eru þó nægilega skynsamar til að sjá hversu illa mörg trúarritanna standast nokkra skoðun en geta ómögulega sætt sig við að afgreiða málið einfaldlega þannig. Fyrir mörg okkar

sem erum trúlaus þá er auðvitað enginn tilgangur í óskilgreindu og óljósu fyrirbæri. Kannski er þetta ekki bara eins og að kaupa köttinn í sekknum heldur frekar líkt því að kaupa sekk og hafa ekki einu sinni hugmynd um hvað á að vera í honum – eða ætla sér að skilgreina eftir hentugleikum.

Þú ert nú auðvitað fylginn við KristJón.

Svo eru þeir sem halda því fram að vegna þess að margir trúlausir reyni nú (eftir bestu getu) að fylgja siðferðilegu viðmiðunum sem kristnir hafa flestir tileinkað sér þá séu þeir þar af leiðandi kristnir.

➔ Fyrir mörg okkar sem erum trúlaus þá er auðvitað enginn tilgangur í óskilgreindu og óljósu fyrirbæri.

Gallinn við þetta er að flestar þessara kenninga eru miklu eldri en kristnin og það er vel hægt að tileinka sér þær án trúar á yfirnáttúruleg öfl. Það er vissulega rétt að margir kristnir hafa tekið jákvæðan siðferðisboðskap og gert að sínum, en það er ekki sérkenni kristinnar og greinir hana á engan hátt frá mörgum öðrum lífsskoðunum.

Opinn landbúnaður

Íslenskur landbúnaður stendur á tímamótum. Eftirspurn eftir landbúnaðarvörum hefur aukist bæði heima og erlendis. Það skýrist meðal annars af stóru auknum fjölda ferðamanna og vaxandi áhuga erlendis fyrir íslenskum landbúnaðarvörum. Samhliða aukinni eftirspurn á sér stað mikil vörupróun í greininni. Auknar kröfur eru um gæði og upplýsingar um uppruna þeirra matvæla sem fólk kaupir.

LANDBÚNAÐUR



Sindri Sigurgeirsson
formaður Bændasamtaka Íslands

Bændur telja afar mikilvægt að neytendur geti auðveldlega nálgast upprunaupplýsingar um þá vöru sem í boði er. Þetta gleymist oft í umræðu um innflutning á búvörum. Innflutta framleiðslu vantar oft upprunamerkingar, upplýsingar um lyfjanotkun, aðbúnað eða aðra framleiðsluhætti. Íslensk löggjöf er ein sú framsæknasta sem um getur í þessum efnum. Neytendur geta gengið að því vísu að íslensk framleiðsla uppfyllir ströngustu skilyrði. Við viljum alls ekki slá af þessum kröfum en við verðum að gæta okkar á því að oft á tíðum segir verðið ekki alla söguna. Það er lykilatriði að neytendur geti verið vissir um að þeir eigi val um ferska vöru með skýrum uppruna og sem ekki hefur þurft að flytja um langan veg. Við eigum að sameinast um að framleiða meira innanlands til að mæta aukinni eftirspurn og auka hagkvæmni.

Vegna þeirra áskorana sem íslenskur landbúnaður stendur frammi fyrir vilja bændur gera sérstakt átak í því að opna landbúnaðinn. Tónninn verður sleginn í Hörpunni um helgina þar sem almenningi gefst kostur á að gæða sér á innlendri matvælaframleiðslu. Þessa helgi breytist tónlistarhöllin í matarhöll og eru allir velkomnir að gæða sér á því besta sem í boði er beint frá bónda. Samhliða verður Búnaðarþing 2015 sett. Þá ætlum við að bjóða almenning velkominn í sveitir landsins í sumar til að kynna íslenskum landbúnaði frá fyrstu hendi. Um allt land eru fjölbreytt bú opin almenningi undir merkjum Opins landbúnaðar. Þetta gerum við því við erum stolt af okkar matvælaframleiðslu en við erum líka opin fyrir hugmyndum um hvernig megi frekar þróa landbúnaðinn til þess að ná enn betri árangri. Verið velkomin í Hörpu um helgina.


➔ Bændur telja afar mikilvægt að neytendur geti auðveldlega nálgast upprunaupplýsingar um þá vöru sem í boði er. Þetta gleymist oft í umræðu um innflutning á búvörum.

Dalastar
GOTT HANDBRAGÐ
ÚR DÖLUNUM

■ DALAOSTARNIR Í 100 ÁR ■
Reynsla og þekking kúabóndans er lykilatriði þegar framleiða á afbragðsmjók. Í hundrað ári hefur hún nýst vel til ostagerðar í Dölnunum eða allt frá því fyrsti mygluosturinn var framleiddur í Ólafsdal.

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



HÓTAR AÐ HÆTTA

Kelly Osbourne hefur hótad að hætta í þáttunum Fashion Police á sjónvarpsstöðinni E!. Ástæðan er sú að Giuliana Rancic, sem er einnig álitsgjafi í þáttunum, á að hafa sagt að Disney-stirnið Zendaya lyktaði eins og gras af því hún var með dreddlokka í hárinu á Óskarsverðlaunahátíðinni. Ummælin þykja lýsa kynþáttafordómum og hafa valdið nokkrum óróa.

TÆKIFÆRISGJAFIR

TILBOÐ



Hnífaparatóskur - 12 manna
14 tegundir
Verð frá kr. 24.990

TÉKK
KRISTALL

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955



HELMINGUR LAUNANNA FER Í FÖT

TÍSKUSKVISA Draumur Cameliu Juliönudóttur er að fara á tískusýningu í New York eða París enda hefur hún fylgst með tísku nánast alla sína ævi.

Camelia Juliönudóttir er með frjálsglegan en skvísulegan stíl og finnst yfirhafnir skipta mestu máli í heildarlúkkinu. Hún vinnur í uppáhaldsbúðinni sinni, Júník.

Ertu tiskumeðvituð? Mér finnst fátt skemmtilegra en að klæða mig vel. Það skiptir ekki máli hvort ég er að fara í veislu, í vinnuna eða í ræktina, ég get ekki labbað út úr húsi fyrr en ég veit að fatasamsetningin mín er í lagi.

Hefurðu lengi þælt í tiskunni? Frá því ég var lítil stelpa hafði mamma reynt

að velja fót á mig fyrir leikskólann en það var ekki séns. Ég hafði alltaf sterkar skoðanir á því hverju ég vildi klæðast og var ég oft vöknuð langt á undan mömmu og pabba og farin fram að velja mér fót fyrir daginn.

Hvernig klæðir þú þig hversdags? Mér finnst mjög gaman að klæða mig casual en halda því samt skvísó. Ég klæðist helst flottum, víðum skyrtum eða bolum yfir leggings eða gallabuxur. Svo klikkar ekki að fara í flottan leðurjakka við og boots.

ALLTAF SMART

Cameliu Juliönudóttur finnst fátt skemmtilegra en að klæða sig fallega og skiptir þá engu máli hvert tilefnið er.

MYND/VALLI

► FRAMHALD Á Síðu 4



Frábært buxna- úrval

Stærðir 34-46



TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777

Vertu vinur okkar
á Facebook



Til hvers að flækja hlutina?

365

SJÁLFKRAFA Í BESTA ÞREP!

365.is | Sími 1817



Fermingar tilboð

Valhöll 5 svæðisskipt heilsudýna

Pokagormakerfi, gæðabólstrun.

Verð með PU-leðurbotni og fótum.

120x200 cm Verð aðeins kr. 79.900.-

140x200 cm Verð aðeins kr. 89.900.-

Erum farin að taka niður pantanir.
Væntanleg sending í lok mars.

12 mán.
vaxtalaugar
greiðslur*

*3.5% lántökugjald

GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

GJÖF FYLGIR

Vandyck
sængurverasett
að eigin vali
fylgir öllum
fermingar-
rúmum í ár



Vandyck sængurverasett

Svefn & heilsa

★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233

Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150

Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00

Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

Umboðsaðilar: Húsgagnaál - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

Buxur frá



Z.Biz
www.z-biz.is

kr. 14.900.-
Str. 36-48/50
Háar í mittið
m/stretch
Litir:
svart og brúnt



Við erum á Facebook Bæjarlind 6 • S. 554 7030



Vinsælu frakkarnir og léttu dúnúlpurnar komnar!

Nýjar vörur frá
B/A/S/L/E/R
WEEKEND
MaMa
PENNYBLACK

Rýmingarsala af eldri vöru allt að **70% afsláttur!**

B/A/S/L/E/R Parisar TÍSKAN
Fylgist með okkur á  Skipholti 29b • S. 551 0770



GÓUGLEÐI
23. - 28. febrúar
20% afsláttur af öllum vörum frá 

Stærðir 38-58 Verslunin Belladonna 

belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is



DRUNGALEGT HAUST 2015

AFTUR TIL FORTÍÐAR Það urðu margir undrandi þegar tískuhönnuðurinn Marc Jacobs sýndi haust-tískuna 2015. Sumir sögðu að hún væri í bóhemanda en aðrir að hann hefði sótt innblástur til loka níjándu aldar.

Marc Jacobs var meðal nokkurra frægra tískuhönnuða sem sýndu á tískuvikunni í New York í síðustu viku. Þegar fyrsta módelið gekk fram var eins og sett væri í gang gömul, svart-hvít bíómynd. Það var eins og gamaldags höglíf væri endurreist í þessari tísku. Dragsíð pils voru áberandi og litir dökkir. Ef það er eitthvað sem þessi tíska stendur fyrir má kannski nefna dulúð. En sannarlega er margt áhugavert við þennan gamaldags stíl. Sumum fannst fatnaðurinn vera þunglyndislegur, hvað sem það þýðir. Rúmlega eitt ár er liðið síðan Marc Jacobs hætti hjá Louis Vuitton til að styrkja eigin tískuframleiðslu. Annars lýsa myndirnar þessum klæðnaði best. Síðan er bara að vita hvort þessi þunga tíska höfði til nútíma-kvenna.



FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434
Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**



Suðurlandsbraut 32



BORGUN

TRI VERSLUN býður viðskiptavinum sínum að dreifa greiðslum í allt að 36 mánuði í samstarfi við BORGUN



SHIMANO

CUBE 2015 REIÐHJÓLIN ERU KOMIN!

CUBE 2015

HAFÐU SAMBAND

35% AFSLÁTTUR AF

CUBE 2014

Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!

WWW.TRI.IS

- Opnunartími @ TRI VERSLUN -

Alla virka daga kl. 11:00 - 18:00

Laugardaga kl. 11:00 til 16:00

AFSLAPPAÐ OG KVENLEGT SUMAR Í VÆNDUM

COMMA KYNNIR Hluti af vor- og sumarlínu Comma er kominn í verslanir. Hvíttaðir og duftkenndir tónar verða áberandi ásamt spennandi munstrum og skuggamyndum. Litirnir leynast þó inn á milli og má til að mynda sjá öll afbrigði af bláum tónum. Lögð er áhersla á lagskiptan klæðnað og kvenleika.

Kvenfataframleiðandinn Comma kynnti vor- og sumarlínu 2015 fyrir skemmstu og er hluti hennar kominn í verslun Comma í Smáralind. Comma er alþjóðleg tískuvöruslunin sem var opnuð í Smáralind í fyrra. Merkið er þýskt í grunninn og sniðin henta evrópskum konum sérstaklega vel. Fatnaður frá Comma er seldur á yfir 2.000 stöðum í meira en 25 löndum víðs vegar um heim. Megináhersla er lögð á hágæðavörur á hagstæðu verði. Einkunnarorð verslunarinnar er kvenlegt, fallett, fágað og töff – eitthvað sérstakt í hverri Comma-flík fyrir hið sérstaka í hverri konu.

Í versluninni er að jafnaði boðið upp á tvær vörulínur. Annars vegar Comma fyrir nútímakonuna – hvort sem tilefnið er fínt eða hversdags og hins vegar Comma Casual Identity sem hefur afslappaðra yfirbragð og er tilvalin til frístunda.

Fatnaðurinn kemur í stærðum 34-46 og ættu flestar konur að finna eitthvað við sitt hæfi. Hjördís Sif Bjarnadóttir rekur verslunina með eiginmanni sínum, Hilmari Þ. Hilmarsyni. Hún fer sjálf utan til að velja inn fyrir verslunina í hverjum mánuði og er því sífellt eitthvað nýtt og spennandi á boðstólum. Hjördís var beðin um að lýsa vor- og sumarlínunni frekar:

„Sumarlína Comma er nútímaleg og sportleg. Sniðin eru hefðbundin og afslöppuð en hafa þó dæmigert Comma-yfirbragð. Fötin eru alltaf kvenleg með fínlegum smáatriðum. Efnin einkennast af fjölbreyttum skuggamyndum, nútímalegri áferð og spennandi munstrum. Litirnir



KVENLEGT Hlutlausir tónar á borð við beinhvít og kremad eru áberandi. Svart og beinhvít er hið nýja svart-hvíta.

eru mjúkir og samstilltir og er ný litanálgun í hverjum mánuði. Mikið er um hvíttaða tóna með fínlegum slæðum sem eru brotnar upp með skærum litum. Hlutlausir tónar á borð við beinhvít og kremlitað sjást víða. Svart og beinhvít er hið nýja svart-hvíta. Þá eru öll afbrigði af bláum tónum áberandi.“

Sumarlína comma casual identity er að sögn Hjördísar sportleg og afslöppuð en þó smituð af kvenleika. Hefðbundin snið eru í brennidepli. Þemað er lagskipting; síðir bolir og sportjakkar

við þröngar gallabuxur í margskonar útgáfum. Biker- og boxy-jakkar eru í bland við boyfriend-snið og cigarette-buxur. Hjá comma casual identity hefst tímabilið á svörtum, hvítum og rauðum tónum. Rauði tóninn er hápunktur línunnar ásamt brúndröppuðu með heiðbláum, navy-bláum og beinhvítum. Sveifla í átt að fínlegum og duftkenndum litum á borð við bleikt og myntugrænt með beinhvítu og gráu er líka áberandi. Sumarleg og þjóðleg litbrigði koma svo inn þegar liður á tímabilið.“



Opnum í dag með glæsilegan vorfatnað!

Stærðir 36-52

hjá Crafnhildi
• Sími 581 2141

FRAMHALD AF FORSÍÐU

Hvernig klæðir þú þig spari?

Eitt það skemmtilegasta sem ég geri er að klæða mig spari. Ég er mjög hlynnt því að fara í einhverju þröngu ef ég er að fara eitthvað fínt. Svartur þröngur kjóll með smá demöntum eða blúndum klikkar ekki.

Hvar kaupir þú fötin þín? Það er skemmtilegt að segja frá því að ég vinn í minni uppáhalds-fatabúð og það er Júník. Ég versla samt stundum í Zöru líka eða Topshop, versla einnig stundum á netinu í Bershku, Forever 21 og á alls kyns fatasíðum. Er að safna fyrir minni fyrstu Michael Kors-tösku núna sem hefur verið minn helsti draumur í nokkur ár og er planið að gefa sjálfri mér eina slíka í afmælisgjöf.

Eyðir þú miklu í fót? Held það sé öruggt að segja að meira en helmingur launanna minna fara í fót. Ég set mér alltaf þau heit í miðjum mánuði að í næsta mánuði ætli ég að spara því ég eigi nóg til af öllum flíkum en við hver mánaðamót virðist ég gleyma því alveg.

Hver er uppáhaldsflíkin þín? Alveg klárlega rífnu boyfriend-buxurnar mínar úr Júník!

Uppáhaldshönnuður? Úff! Svo margir en svona efstur í huga er Micahel David Kors.

Hverju verður bætt við fataskápinn fyrir vorið? Samfestingum! Það er nýjasta æðið hjá mér núna.

Hver er helsti veikleiki þinn þegar kemur að tísku og útliti?

Úff... Hér er erfið að nefna bara eitthvað eitt. En ég fer ekki út úr húsi án þess að vera með blush, Mac-varalitinn minn half n half og skór og bolir myndi ég segja vera það helsta sem ég kaupí mér.

Hvers konar fylgihluti notarðu? Ég er alltaf með svörtu töskuna mína úr Bershku með mér og svo



Í UPPÁHALDI Boyfriend-buxurnar úr Júník eru í uppáhaldi hjá Cameliu MYND/VALLI

get ég bara ekki farið út úr húsi án þess að vera með varalit.

Áttu þér tiskufyrirmynd? Mér finnst sænski tiskubloggarinn Kenza Zouiten mjög falleg og með mjög fágaðan stíl, ég elska að fylgjast með henni.

Kjóll, pils eða buxur? Ég er klárlega buxnamanneskja. Alltaf hægt að vera í buxum við öll tilefni.

Stutt eða sitt? Um kjóla og pils myndi ég klárlega segja stutt en buxurnar verða að vera síðar.

Háir hælur eða flatbotna? Dagsdaglega finnst mér skemmtilegast að vera í flatbotna en um helgar eða þegar ég fer á kaffihús eða í bíó þá getur verið mjög gaman að spæsa aðeins lúkkið með hælum eða fylltum!

DEBENHAMS

ÁREYNSLULAUS FULLKOMNUN Á NOKKRUM SEKÚNDUM
FRÍSKANDI OG ÞÆGILEGUR FLJÓTANDI FARÐI Í PÚÐA

NÝTT

MIRACLE CUSHION

LIQUID CUSHION COMPACT - SPF 23/PA++

FRÍSKLEGUR LJÓMI – ENDINGARGÓÐUR RAKI
FJADURLÉTTUR – BYGGIR UPP ÞEKJU

FJADURLÉTT OG FERSK FORMÚLA

PÚÐI
samsettur úr ótalmörgum holum
sem gefa rétta skammtinn



SVAMPUR
sem tryggir fallega og jafna
förðun

Fáanlegur í 5 litum.
Gefur náttúrulega, ferska og ljómandi förðun.

LANCÔME
PARIS

LANCÔME KYNNING Í DEBENHAMS 26. FEBÚAR – 4. MARS

Allir sem koma á kynninguna fá lúxustærð af MIRACLE CUSHION farðanum*.



**20% AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM RÉNERGIE
VÖRUM FRÁ LANCÔME**

GLÆSILEGUR KAUPAUKI ÞEGAR KEYPT ER FYRIR 8.900 EÐA MEIRA.

GULLMOLI FRÁ LANCÔME

Með RÉNERGIE FRENCH LIFT™ næturkreminu stígur Lancôme skrefinu lengra í leitinni að fullkomnari lyftingu. Kremið þéttir og styrkir húðina. Með því fylgir nuddiskur sem þrefaldar virkni kreamsins.



Við mælum með Rénergie Multi-Lift tvöfalda augnkreminu. Það er yndislega létt og bráðnar inn í húðina, dregur úr hrukkum og fínnum línum, þéttir augnsvæðið og lyftir augnlokunum með því að örva framleiðslu kollagens og elastíns. Þunnur kremgrunnurinn í lokinu gefur fallegan ljóma, dregur úr baugum, verndar, sléttir augnpoka og lýsir upp augnsvæðið. Augnsvæðið verður sjáanlega unglegra á innan við mánuði.

*meðan birgðir endast.

 Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS – SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR



Nýjar vörur frá maT.

Stærðir 38-52

My Style
Liskuhús

mystyle f

Bæjarlind 1-3
201 Kópavogur
s: 571-5464

Glæsilegar peysur



Peysa á 13.900 kr.

- Einn litur
- Stærð 38 - 46

Opið virka daga kl. 11-18
Opið laugardaga kl. 11-16

black pepper
FASHION

Laugavegi 178 | Sími 555 1516

f Kikið á myndir og verð á Facebook



SUNDBOLIRNIR ERU KOMNIR!

SIGURBOGINN
SNIYFTI- OG TÍSKUNDFELLSUN

LAUGAVEGI 80 ■ TEL: 561 1330 ■ WWW.SIGURBOGINN.IS



HRIFIN AF HAFMEYJASNIÐINU

GLÆSILEG LEIKKONA Leikkonan Julianne Moore fékk góða dóma fyrir val á klæðnaði á Óskarsverðlaunaathöfninni síðastliðinn sunnudag. Moore, sem var valin besta leikkona í aðalhlutverki fyrir leik sinn í kvikmyndinni *Still Alice*, klæddist hvítum, hlýralausum Chanel-kjól alsettum palliöttum. Leikkonan sem er þekkt fyrir fallega húð virðist bera vel hina ýmsu liti regnbogans en hún er greinilega hrifin af hafmeyjasniðinu svokallaða á kjólum, þar sem hún hefur klæðst þess konar kjólum við fjölmörg tilefni eins og sjá má af þessum myndum sem eru allar teknar á þessu ári.



ÖFGAKENNDAR BREYTINGAR

Húðflúr á auknum vinsældum að fagna í heiminum en til eru þeir sem hafa farið út í töluverðar öfgar í skreytingu líkamans, ekki aðeins með tattúu og hringjum heldur einnig annars konar fylgihlutum á borð við silíkonkúlur sem festar eru undir húð til að mynda horn. Hér má sjá dæmi um fjóra einstaklinga sem eru stoltir af sínum mikið skreytta líkama og mæta á húðflúrsýningar um allan heim til að sýna afraksturinn.

RED SKULL

Henry Damon er 37 ára kvæntur faðir frá Venesúela. Hans æðsti draumur er að líkjast uppáhaldsillmenni sínu úr barnæsku, teiknimyndapersonunni Red Skull úr Captain America.



Til þess að ná markmiði sínu hefur Damon, sem raunar gengur nú aðeins undir nafninu Red Skull, látið tattúvera sig í framan, tattúvera augun svört og hefur látið græða silíkonmót undir húð. Öfgafyllst var þó breytingin sem hann lét gera á nefi sínu en það lét hann skera af til hálls.

Damon er í samstarfi við Emilio Gonzales sem hefur sérhæft sig í öfgafullum líkamsbreytingum og húðflúri en sjálfur er hann uppgjafalæknanemi. Damon gekkst undir nokkrar sálfræðirannsóknir fyrir nefaðgerðina til að tryggja að hann væri með öllum mjalla.

Næsta skref Damons verður að fá silíkonígræðslur í kinnar, kinnbein og höku. Lokaskrefið verður síðan að tattúvera allt andlitið rautt.



STÆRSTU GÖT HEIMS

Kala Kaiwi er frá Havái. Hann er í heimsmetabók Guinness fyrir teygðustu eyrnasnepla heims sem hafa verið teygðir án aðstoðar skurðlækninga. Götin á eyrum hans eru það stór að hægt er að koma hnefa í gegnum þau. Kaiwi starfar sem húðflúr- og líkamsbreytingalistamaður. Hann er sjálfur gangandi listaverk. Hann er með silíkonhorn á höfði, risagöt í nefinu, húðflúr á augabrúnum og alsettur pinnum í andlitinu.

Hann klauf tungu sína með tannþræði og hefur útbúið ígræðslur í höfði sínu sem hann hefur skrúfað gadda í.

VAMPÍRUKONAN

Maria Jose Cristerna er 35 ára gamall lögfræðingur og fjögurra barna móðir frá Mexíkó. Hún hefur gengið í gegnum fjölmargar líkamsbreytingar til að verða „Vampire Lady“ eða vampírukonan.

Cristerna er þakin húðflúri frá toppi til tótt. Hún hefur látið breyta tönnum sínum til að láta þær líkjast vígtönnum og er með títanhorn á höfði.

Cristerna ólst upp í mjög trú- aðri fjölskyldu í Mexíkó. Hún gifti sig ung, eignaðist börn en átti erfitt líf þar sem hún varð fyrir heimilisofbeldi. Í dag heldur hún fyrirlestra um heimilisofbeldi milli þess sem hún ferðast um heiminn sem „video jockey“ ásamt vinkonu sinni, plötusnúðnum Gis Sanchez, en lögfræðiferillinn lagði hún á hilluna.



ALSETTUR HÚÐFLÚRI

Matt Gone frá Portland í Oregon hefur húðflúrað 95 prósent líkama síns. Hann fékk sitt fyrsta húðflúr 24 ára gamall, þá til að leyndu lýti á líkamanum. Árið 2010 fór þráhyggjan í nýjar hæðir þegar hann sprautaði sjálfur bleki í bæði augu sín. Nú er annað augað blátt og hitt grænt, og verður um alla tíð. Gone hefur einnig látið tattúvera kynfæri sín og tunguna.

Hann ferðast á milli húðflúrsýninga um allan heim.



LOKADAGUR

allt að **70%** AFSLÁTTUR OG

3 fyrir 2 af öllum vörum á útsölumarkaði okkar í Evans Kringlunni. Ópið frá 10:00 - 21:00 í kvöld.

evans.
Kringlunni, sími 522-8430



HÁRLITUR SEM ENDIST LENGUR
ENDINGABETRI, LÍFLEGGRI OG FALLEGGRI HÁRLITUR



Íslenskar leiðbeiningar

WELLA

KOLESTON

Nudd

NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur.
Sími 694 7881, Zanna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskípti.
Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

Önnur þjónusta

Blekhyliki.is

Ódýr blekhyliki og tónerar í flesta prentara, Hagkaup Smáralind, Fjarðargata 11 Hf og í síma 517-0150.



VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMÉDFERÐ.

Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.

Tímappantanir í síma 864-1273

KEYPT & SELT

Til sölu



IPAD MINI / FRÁBÆRT VERÐ!

Nýr Ipad mini 16GB, Keyptur í USA. Kassí og nóta fylgja. Kostar nýr ca. 52 þús. TILBOÐ 20 ÞÚS!! FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ! Uppl. í s. 868 8899

Létt og skemmtileg spænskunámskeið

Verða haldin í Borgartúni 1. Kennarar eru Jakobína Davíðsdóttir og Carmen Nogales. Gestakennari með fyrirlestur um Spán og spænska menningu er Kristinn R. Ólafsson. Meiri áhersla er lögð á tal og minni á málfraeði. Námskeiðinu lýkur svo með tapaskvöldi. Námskeiðin standa í 4 vikur. Öll námskeiðin eru byrjendanámskeið.



Eftirfarandi námskeið eru í boði:

Mánudaga og miðvikudaga 13:00-14:30
Þriðjudaga og fimmtudaga 17:30-19:00
Þriðjudaga og fimmtudaga 13:00-14:30

Námskeiðin hefjast 2 og 3 mars. Verð á mann: 22.500 krónur
Upplýsingar í s. 698 50 33 eða binsina@gmail.com

Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

TYLÖ
Allt fyrir sauna- og blautgufu
TÆKJATÆKNI
Smíðjuvegur 11, 200 Kópavogur, sími 571 3770
GSM 860 4460, tt@taekjataekni.is

Accountant
Accountant -fagleg og persónuleg þjónusta á sviði bókhalds og skattaráðgjafar á sanngjörnu verði.
7. mars 2015 Netframtal einstaklinga 2015 verður opnað á þjónustuvefnum, www.skattur.is
21. mars 2015 Lokaskiladagur almenns frests fyrir einstaklingsframtöl.
Accountant - bókhald og skattaráðgjöf ehf - www.accountant.is
Hátúni 12, Rvk, S. 490 0095 & 692 2470

Var rekstur prentarans hár á síðasta ári?
Við gætum lækkað hann um 50-60%
NÝR TÓNER nyrtoner.is sími 565-2046
prenthylkja endurnýjun Auðbrekku 6, Kóp.

EYJALIND
- Díselyftarar
- Ramagnslyftarar
- Vöruhúsatæki
- Varahlutir
Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

EIGUM TIL ÚRVAL AF VARAHLUTUM Í FLESTAR GERÐIR DRÁTTARVÉLA
Sérþöntum ef hluturinn er ekki til
NB LANDBÚNAÐUR Reykjavík: 414-0000 Akureyri: 464-8600 www.VBL.is
Krókháls 5f • 110 Reykjavík /// Baldursnes 2 • 603 Akureyri

Startarar og alternatorar
Fyrir flestar gerðir fólksbíla, jeppa, vörubíla og vinnuvélar.
Varahluta og viðgerðarþjónusta, gerum föst verðtilboð í viðgerðir
55 ár í þjónustu við bíleigendur!
Bíldshöfða 14 sími 553-1244
ljofsboginnehf@simnet.is

k2 557 7000 www.k2.is
FYRIR EFTIR
Hafðu samband og pantaðu frjá ástandsskoðun.

FJARSTÝRÐ MÓDEL Í ÚRVALI.
Tómstundahúsið
Bíldshöfða 18, sími: 5870600, www.tomstundahusid.is
Finnið okkur á facebook.

ER BÍLSÆTID RIFID ?
Viðgerðir á öllum gerðum af bíla-, mótörhjóra og snjósleðasætum. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu.
Formbólstrun
Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is

GRÁFARVOGS VERKSTÆÐI
• Hjólbarðaviðgerðir
• Smurpþjónusta
• Bremsur
• Demparar
• Rafgeymar
• o.fl.
Gylfafiöt 3 Grafarvogi Sími 567 4468 dekk@gummisteypa.is

XPRENT - hönnun og merkingar
PRENTUN HÖNNUN MERKINGAR SKILTAGERÐ XPRENT.IS
...og margt fleira
Sundaborg 1 - 104 Reyjavík - Sími: 777 2700 - xprent@xprent.is

Iveco
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VeiRás
Sími 555 6670 • www.veiras.is • Álheilla 4 • Álheilla 8

VARAHLUTIR
Iveco • Benz • Man • Renault
Varahlutaþjónusta
VÉLANAUST ehf
Álheilla 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is

BROTAFEL
STEINSÖGUN • BORUN • BROT
• Jarðvegsvinna
• Steypusögun
• Kjarnaborun
• Múrbrot
• Húsaríf
• Öll almenn verktakavinna
Brottaff ehf Símar 894 8040 894 8044 Fax 565 0050 brottaff@simnet.is

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS
TOYOTA ÞJÓNUSTA ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
SMÍÐJUVEGUR 2 • KÓPAVOGUR WWW.BIFREIÐAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur viðgerðir - sala hróð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 rafstilling@rafstilling.is

Parketslípun
sölpallaslípun | parketlagningar
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT

viftur.is
viftur • blásarar • aukahlutir -allt á einum stað
íshúsið ehf
Smíðjuvegur 4a, Græn gata, Kópavogur | 566 6000

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is



20:10
ELDHÚSIÐ HANS EYÞÓRS

Vandaðir íslenskir þættir þar sem meistarakokkurinn Eyþór Rúnarsson sýnir okkur réttu handtökin í eldhúsinu og tófrar fram dýrindis rétti á einfaldan hátt.

FRÁBÆRT
FIMMTUDAGSKVÖLD!

Fáðu þér áskrift á 365.is

365

20:35
RESTAURANT STARTUP

Lokaþáttur af þessum þræl-skemmtilegu og spennandi raunveruleikaþáttum.



21:20
THE MENTALIST

Patrick Jane er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknar-lögreglunnar í Kaliforníu og notar oft en ekki skyggni-gáfu sína til þess að leysa mál.



22:05
THE BLACKLIST

Önnur þáttaröðin með James Spader í hlutverki eins eftirlýstasta glæpamanns heims, Raymond Red Reddington.



22:00
BEHIND THE CANDELABRA

Stórbrotin mynd sem byggð er á ævisögu píanónillingsins Liberace. Með aðalhlutverk fara, Michael Douglas og Matt Damon.



20:00
AMERICAN IDOL

Fjórtaða þáttaröð af þessum sívinsælu þáttum þar sem allir sigurvegarar fyrri þátta hafa slegið í gegn á heimsvísu.



07:00-20:30
BARNAEFNI ALLA DAGA

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



SUDOKU

3			1	8	7		
6	1	2	5		9		
7	8		3	6	9		5
8			3	7	4		
			8	2	9		
		2		1	6		
	7	8		6	9		
	6		4		3		
2	1						

LÉTT

4	7		5		8		
	8	1			7		
6		9	1			8	
		3	8	5	9	2	
9	6		7	5			
1	2			9	3		
2			7	4	5		9
				1		4	
	9						

MIDLUNGS

4	2				5		1
					2		
	8					7	
9	4	5					8
7			1				5
			9	3		6	
	9	6					
		4					3
2	6	5			8		

PUNG

8	5	3	9	6	7	1	2	4
4	1	2	8	5	3	9	6	7
6	7	9	1	2	4	8	3	5
7	6	5	2	4	9	3	8	1
1	9	8	3	7	6	4	5	2
2	3	4	5	8	1	6	7	9
3	4	7	6	9	5	2	1	8
9	8	6	7	1	2	5	4	3
5	2	1	4	3	8	7	9	6

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Myndasögur

PONDUS




Eftir Frode Øverli

GELGJAN



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

BARNALÁN



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

SPAKMÆLI DAGSINS

Eini auður minn er spekin.

Pórbergur Þórðarson

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

KROSSGÁTA

LÁRÉTT

2. form, 6. eftir hádegi, 8. sæ, 9. farvegur, 11. org, 12. spaug, 14. farði, 16. pot, 17. að, 18. skip, 20. ullarflóki, 21. há bygging.

LÓÐRÉTT

1. klöpp, 3. þys, 4. snuður, 5. eiturlyf, 7. þverslaufa, 10. er, 13. lúsaegg, 15. klámfenging, 16. margsinnis, 19. tveir eins.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. mynd, 6. eh, 8. sjó, 9. rás, 11. óp, 12. glens, 14. smínk, 16. of, 17. til, 18. far, 20. rú, 21. turn. LÓÐRÉTT: 1. berg, 3. ys, 4. njósnir, 5. döp, 7. hálsstau, 10. sem, 13. nit, 15. klitr, 16. of, 19. rr.

SKÁK

Gunnar Björnsson

Símon Þórhalls (1.961) missti af laglegri vinningsleið gegn Ólafi Kristjánssyni (2.118) á Norðurorku-móti Skákpings Akureyrar.

Stöðumynd fylgir með sem jpg-viðhengi.

Hvítur á leik



Símon missti af 30. Hxh6+! Bxh6 (30...Kxh6 31. Dh3#) 31. Df7+ Bg7 (31...Kh8 32. e6+) 32. Bd3! og svartur er gjórsamlega varnarlaus. Símon lék hins vegar 30. Dg4. Meira um skák þeirra félaga á morgun. www.skak.is Lokaumferð Nóa Sírfús-mótsins í kvöld.

BROT AFTRÍ BESTA

ÚRVALIÐ ER Í STÆRSTU TÖLVUVERSLUN LANDSINS



NITRO DRAUMAFARTÖLVA FRÁ ACER

Örþunn og glæsileg fartölva úr úrvalsdeild Acer með Soft-touch metal finish, Full HD IPS skjá, öflugu leikjaskjækorti og Dolby 4.0 hljóðkerfi.

- Intel Core i5-4210U 2.7GHz Turbo 4xHT
- 12GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 1TB SSHD og 8GB SSD Hybrid diskur
- 15.6" FULL HD 1920x1080 IPS skjár
- 4GB GeForce GTX850M leikjaskjækort
- 4.0 Dolby Digital Plus Surround hljóðkerfi
- 300Mbps WiFi 2x2 MIMO, BT 4.0, USB 3.0
- 720p Crystal Eye HD vefmyndavél
- Windows 8.1 64-bit, hlaðið nýjungum

179.900

HIN FULLKOMNA FERMINGARGJÖF!



1TB Slim

HÁGÆÐA FERÐAFLAKKARI

- Örmár Seagate USB3.0 ferðaflakkar
- Einstaklega falleg Slim Metal hönnun
- Fær straum úr USB tengi
- Hugbúnaður fyrir PC, MAC og snjallsíma
- One-Click Plan afritunarhugbúnaður
- Örþunnur og fisléttur aðeins 150 gr.
- SuperSpeed USB 3.0 / USB 2.0

14.900

2TB AÐEINS 19.900



KÜRBISBT 2.0 HLJÓÐKERFI

- Hágæða Thonet & Vander hljóðkerfi
- Öflug 5.25" segulvarin bassakeila
- Hárnákvæmur 1" tweeter úr silk
- Drone FX tækni skilar kristaltærum hljóð
- Hammer Bass tækni fyrir meiri bassa
- Bluetooth móttakari RCA og jack tengi
- Tengist þráðlaust við síma og fleiri tæki

24.900

BLUETOOTH ÞRÁÐLAUST



SWITCH10

- 10" IPS HD fjölsnertiskjár 1280x800
- Intel Quad Core Z3735F 1.83GHz Burst
- Intel HD 3D Graphics grafískur kjarni
- 2GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 64GB FLASH SSD og allt að 64GB microSD
- 300Mbps WiFi Nplify og Bluetooth 4.0
- Crystal Eye Full HD 1080p vefmyndavél
- Örþunn lykilorðsvagga með Snap Hinge
- Windows 8.1 og Office 365 árs áskrift

69.900

MEÐ 500GB DISK Í VÖGGU 79.900



iPad Air 2

- 9.7" UHD Retina fjölsnertiskjár 2048x1536
- Triple Core 1.5GHz A8X Apple örgjörvi
- 16GB flash SSD diskur
- AC MIMO þráðlaust net, Bluetooth 4.0
- 8MP iSight og 720p Facetime myndavélar
- Touch ID fingrafaraskanni í heimatukka
- Ný rafhlöðutækni allt að 10 tímar
- Örþunn aðeins 6.1mm og fislétt 437gr
- Apple iOS 8.1 stýrikerfi og fjöldi forrita

79.900

ALGENGT VERÐ 99.990



PEBBLESTEEL

HÁGÆÐA SNJALLÚR FRÁ PEBBLE

Pebble Steel er Rolsinn í snjallúrum og kemur í Marine-Grade ryðfríu stáli með glæsilegri leðuról og öllum eiginleikum Pebble snjallúranna.)

- 1.26" 144x168 E-paper háskerpuskjár
- Tengist þráðlaust við símann með BT 4.0
- Sýnir SMS, tölvupóst, dagatal og annað
- Jawbone Up heilsuætlar
- 50 metra vatnshelt fyrir sundæfingarnar
- 7 daga rafhlöðuending, USB segulhleðsla
- Örþunnt 10,5mm og fislétt aðeins 56g
- Kemur með útskiptanlegri leðuról
- Android, Apple iOS og Windows Phone

39.900

PEBBLE Á VERÐI FRÁ 16.900



15.6" ACER EXTENSA

49.900



7" SPJALDTÖLVA

9.990



LEIKJAHEYRNARTÓL

6.990



16GB MINNISLYKILL

3.990

OPNUNARTÍMAR

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00



TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900



MENNING

Dansar á mörkum málverka og skúlptúra

Logi Bjarnason myndlistarmaður vekur fólk til vitundar um nýja tíma listsköpunar á sýningu sem hefst í Safnahúsi Borgarfjarðar á laugardaginn.

„Þetta er málverkasýning, sett fram á annan hátt en algengast er því sumt er þar á mörkum málverka og skúlptúra,“ segir Logi Bjarnason sem opnar sýningu í Hallsteinsal í Safnahúsi Borgarfjarðar á laugardaginn milli 13 og 16. „Ég leik mér svolítið með hugtökin skúlptúr, málverk, gjörningur og líka með hið hlutbundna og óhlutbundna. Yfirleitt geri ég allt abstrakt en margir sjá eitthvað hlutbundið út úr því eða tengja við eitthvað sem þeim finnst kunnuglegt,“ heldur hann áfram. „Ég lærði ýmsar tilrauna-kenndar aðferðir úti í Þýskalandi svo ég hef tileinkað mér ýmsa tækni. Samt er ég málarí í grunninn.“

Logi er úr Borgarnesi, býst hann við að Borgnesingar geti tengt sig við eitthvað á sýningunni? „Já, örugglega. Einn skúlptúrin er til dæmis gerður eftir hlaupaleiðunum í bænum.“

Eftir nám við Myndlistarskólann í Reykjavík, Listaháskólann og Städelschule í Frankfurt er Logi sestur að í Reykjavík og er



LISTAMAÐURINN „Yfirleitt geri ég allt abstrakt en margir sjá eitthvað hlutbundið út úr því,“ segir Logi.

meðal þeirra sem á verk á sýningunni Nýmálað 1 í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi. Skyldi hann sitja mikið á kaffihúsum? „Já, ég geri það,“ svarar hann hlæjandi. „Ég er einn af þessum latteþjandi.“ gun@frettabladid.is



EITT LISTAVERKANNA Skúlptúr gerður eftir hlaupaleiðunum í Borgarnesi.



HÓTELSTJÓRINN „Við höfum verið svo heppnar að fólkið sem við höfum leitað til hefur fagnað því að koma til okkar og fundist það heiður,“ segir Gréta. [FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN](mailto:gun@frettabladid.is)

Sannar og ósannar minningar í sögum

Júlíana – hátíð sögu og bóka í Stykkishólmi hefst í kvöld í Vatnasafninu en hjarta hátíðarinnar verður á Hótel Egilsen í umsýsju Grétu Sigurðardóttur.

„Gestirnir sem halda erindi í ár eru Hallgrímur Helgason, Kristín Steinsdóttir og Elísabet Jökulsdóttir og fyrirlestrarnir heita athyglisverðum nöfnum, Handsprengja á náttborðinu, Nokkrar konur og ein í dyragættinni og Hvað veit ég um mömmu?“ Þannig byrjar Gréta Sigurðardóttir að lýsa Júlíönu – hátíð sögu og bóka sem hefst í kvöld í Stykkishólmi og stendur fram á sunnudag. Viðfangsefnið í ár er minningar, sannar og ósannar, í sögum og bókum. Auk þeirra þáttakenda sem upp eru taldir má nefna Helgu Guðrúnu Johnson sem les úr bókinni Saga þeirra sagan mín í Bókaverzlun Breiðafjarðar, Önnu Margréti Ólafsdóttur sem verður með sögustund fyrir börn á Hótel Egilsen og grunnskólabörn sem eru með sýningu á verkefnum í Amtsbókasafninu.

Hátíðin hefst í kvöld klukkan átta í Vatnasafninu með tónum

frá Söngsveitinni Blæ og úthlutun viðurkenninga í myndbandasamkeppni grunnskólans. „Við vinnum með skólanum og erum líka með sögustundir í heimahúsum á föstudagskvöld, Stykkishólmur er ríkur af gömlum húsum, þau eru okkar menningararfur að hluta og þar verða fluttar sögur sem sumar tengjast húsunum,“ lýsir Gréta.

Júlíönuhátíðin er sú þriðja í röðinni á jafnmörgum árum. „Ég fékk til liðs við mig þrjár góðar og vitrar konur í Hólminum, þær Þórunni Sigþórsdóttur landvörð, Dagbjörtu Höskuldsdóttur, fyrrverandi bóksala, og Sigríði Erlu Guðmundsdóttur, kennda við Leir 7,“ rifjar Gréta upp. „Þá var ég búin að ákveða hvað hátíðin ætti að heita. Júlíana Jónsdóttir var bæði í Akureyjum á Breiðafirði og Stykkishólmi og gaf út bók fyrst kvenna á Íslandi, ljóðabókina Stúlka sem kom út 1876. Ekki nóg með það heldur skrifaði

Stykkishólmur er ríkur af gömlum húsum, þau eru okkar menningararfur að hluta og þar verða fluttar sögur sem sumar tengjast húsunum.

Júlíana líka fyrsta leikverk sem flutt var opinberlega eftir íslenska konu, það hét Víg Kjartans Ólafssonar. Alexía Björk Jóhannesdóttir leikkona flutti það á bókahátíðinni í fyrra.“

Gréta stjórnar Hótel Egilsen sem er sögu- og bókahótel og hún segir fyrri bókahátíðir þar hafa verið afar vel heppnaðar. „Við vorum blautar bak við eyrun þegar við byrjuðum en höfum verið svo heppnar að fólkið sem við höfum leitað til hefur fagnað því að koma til okkar og fundist það heiður, svo það hefur sagt já eins og skot.“ gun@frettabladid.is



Nám í Danmörku



Námsskygning verður í Norræna húsinu laugardaginn 28. febrúar 12-16

Eftirfarandi háskólar munu kynna

Danmarks Tekniske Universitet –

Technical University of Denmark - www.dtu.dk

Syddansk Universitet –

University of Southern Denmark – www.sdu.dk

Aarhus Universitet –

Aarhus University – www.au.dk

Aalborg Universitet –

Aalborg University – www.aau.dk

Ennfremur munu eftirfarandi danskir háskólar, sem eru með lengra og styttra nám á háskólastigi, kynna sína skóla.

Erhvervsakademi Dania – Business Academy

Aarhus – www.eadania.dk

VIA University College, Horsens – www.viauc.dk

International Business Academy, Kolding – iba.dk

Erhvervsakademi SydVest – Business Academy

SouthWest – www.easv.dk

Erhvervsakademi Lillebælt – Lillebælt Academy of

Professional Higher Education – www.eal.dk

Margir skólanna kenna á ensku

Danska Sendiráðið
www.island.um.dk

Aríur og fleira tengt Maríu

Hanna Þóra Guðbrandsdóttir sópransöngkona og Antonía Hevesi píanóleikari flytja ljóð, bænir og aríur sem tengjast heilagri Maríu á hádegistónleikum í Laugarneskirkju á morgun, föstudag. Einnig flytja þær aríu eftir Mozart.

Hanna Þóra og Antonía hlaupa í skarðið fyrir Bylgju Dís Gunnarsdóttur sópran og Djönu Lind Monzon gítarleikara sem urðu að hætta við boðaða dagskrá vegna veikinda.

Tónleikarnir hefjast klukkan tólf og standa yfir í um hálfu klukkustund.

Aðgangseyrir er fimmtán hundruð krónur og ekki er posi á staðnum. [- gun](mailto:gun@frettabladid.is)



SÖNGKONAN Hanna Þóra ætlar að syngja ljóð, bænir og aríur.



FLYTJENDURNIR Pær Elísabet og Laufey hafa spilað saman vítt og breitt um Ísland og í Hollandi, Þýskalandi og á Ítalíu.

Stilla saman strengi

Pær Elísabet Waage og Laufey Sigurðardóttir leika á hörpu og fiðlu næsta sunnudag í Norræna húsinu.

4 plús 47 á 15.15 virðist kannski vera stærðfræðiformúla en er það ekki. Um er að ræða fjóra fiðlustrengi ásamt fjörutíu og sjö hörpustrengjum sem Laufey Sigurðardóttir og Elísabet Waage leika á sunnudaginn 1. mars í tónleikaseríunni 15.15 í Norræna húsinu.

Efnisskráin er fjölbreytt og hefst á syrpu úr Töfraflautu Mozarts sem tónskáldið Louis Spohr setti á blað. Hann var sjálfur fiðlu-

leikari og samdi og spilaði dúó með hörpuleikaranum Dorette sem var eiginkona hans. Síðan munu hljóma nokkur lög eftir Ravel, Fauré og Tsjaikovskí.

Þá er komið að frumflutningi á nýrri tónsmíð eftir Báru Grímsdóttur. Hún kennir kaflana fjóra við árstíðirnar og byggir á íslenskum tónarfi. Þær stóllur enda svo dagskrána á rúmenskum þjóðlögum eftir Bartók. [- gun](mailto:gun@frettabladid.is)

FIMMTUDAGUR

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

26. FEBRÚAR 2015

Tónleikar

20.00 Hljómsveitin Leaves á Húrra í kvöld. Miðaverð er 2.000 krónur.

20.00 Eivør, hljómsveit hennar og Símfóníuhljómsveit Íslands sameina krafta sína í Norðurljóssasal Hörpu og flytja lög Eivarrar. Stjórnandi á tónleikunum er Bernharður Wilkinson. Miðaverð er 5.400 krónur.

21.00 Saxófónleikarinn **Jóel Pálsson** býður gítarleikurunum Guðmundi Péturssyni og Hilmarí Jenssyni í tónlistarlegan trekant í Mengi. Miðaverð er 2.000 krónur.

21.00 Margrét Eir ásamt hljómsveit á Café Rosenberg í kvöld.

22.00 Magnús R. Einarsson heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangur ókeypis.

Félagsvist

20.00 Félagsvist í samvinnu við Skaftfellinga í Skaftfellingabúð í Reykjavík.

Hátíðir

17.00 Hin árlega bjórhátíð hefst á Kexi Hosteli. Hátíðin stendur til 1. mars. Kex hefur boðið íslenskum og erlendum bruggurum í heimsókn til að kynna sig og sína framleiðslu.

18.00 Berlin X Reykjavík hefst á Kexi Hosteli og Húrra og stendur til 28. febrúar. Qeaux Qeaux Joans, dj King Lucky og dj Daniel Best W. Miði á hátíðina 5.900 krónur.



Uppákomur

20.00 Listastundin Arty Hour í Tjarnarbíói. Umræðuefnin ná á milli Íslands og Íslands, fjallað verður um Prómpeif, fegurð, stjórnmál, þrýstinginn sem fylgir karlmennskunni og sviðsetningu sjálfins. Allir velkomnir.

22.00 Bingó í Stúdentakjallaranum.

Pub Quiz

22.00 Pub-Quiz í Stúdentakjallaranum í kvöld.

Tónlist

20.00 Dj Logi Pedro þeytir skífum á Prikinu í kvöld.

21.00 Dj Símon FKNHNSM þeytir skífum á Kaffibarnum í kvöld.

21.00 Dj Silja Glömmi þeytir skífum á Paloma.

22.00 Trúbadorinn Garðar verður á Dubliner í kvöld.

22.00 Guilty Pleasure Vol. 2 á Dolly í kvöld.

Fyrirlestrar

12.00 Mary McDonald-Eissanen, dósent í ensku flytur opinn fyrirlestur í stofu 104 á Háskólatorgi. Fjallað verður um sögur sem sóttar eru í dagbækur kvenna á Prins Edwald-eyju en legið hafa í þagnargildi.

17.15 Ný þriggja erinda röð í Bókasafni Kópavogs. Talað verður um fegurð. Fyrst til að halda erindi er Þórdís Kjartansdóttir lýtalæknir. Aðgangur ókeypis.

20.00 Margrét Elísabet Ólafsdóttir, doktor í list- og fagurfræði heldur fyrirlestur í Hafnarhúsi um myndlist Corys Arcangel í tengslum við sýninguna Margt smálegt. Aðgangur ókeypis.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.

Eitthvað er að fæðast

Leaves spilar á tónleikum á skemmtistaðnum Húrra í kvöld. Hljómsveitin vinnur nú að gerð nýs efnis.

Hljómsveitin Leaves er nýkomin úr tveggja vikna tónleikaferðalagi um Kína sem hún lýkur á Íslandi.

„Okkur langaði, fyrst við erum búnir að æfa upp flott prógramm, að spila hérna fyrir Íslendinga, og Kínverja á Íslandi auðvitað,“ segir Arnar Guðjónsson, söngvari og gítarleikari hljómsveitarinnar hress.

„Það er eitthvað byrjað að fæðast,“ segir Arnar þegar hann er spurður að því hvað sé næst á dagskránni hjá hljómsveitinni.

„Við erum bara mjög spennir, komnir með nokkur lög og farnir að leita í nýjar áttir eins og við höfum verið að gera með allar plötur.“

Tónleikaferðalagið gekk vel og

Arnar og hljómsveitarfélagar hans eru hrifnir af Kína. „Það var stórkostlegt. Það er alveg rosalega gaman að spila fyrir Kínverjana, þeir eru frábærir áheyrendur.“ Ferðalagið stóð yfir í um tvær vikur og spilaði Leaves í sex borgum og mikla ánægju höfðu þeir af matnum sem var á boðstólum.

„Það var veisla á hverjum degi, margrétta veisla og mikið borðað af „dumplings“,“ segir hann og bætir við að það sé aldrei að vita nema gæta megi einhverra Kína-áhrifa í nýja efninu.

Húsið verður opnað klukkan átta og tónleikarnir hefjast skömmu eftir klukkan níu í kvöld á skemmtistaðnum Húrra. Miðaverð er 2.000 krónur eða 95 júan. - gl6



GÓÐ TÓNLEIKAFERÐ Leaves heldur tónleika á Húrra í kvöld, sveitin er nýkomin úr tveggja vikna tónleikaferð um Kína. MYND/MATTEI



Visari kimono, áður 9990
Nú 5990



Villa kjóll, áður 4790
Nú 2990



Í DAG ER
15% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM
Í SMÁRALIND*

Léttar veitingar.
Hrefna Daníels tískubloggari
verður í versluninni kl. 19-21.

*Gildir ekkert af öðrum tilboðum



Vismile bolur, áður 3990
Nú 1990



Vipan Zip buxur, áður 5490
Nú 3490

VILA

Smáralind

AFMÆLISBARN DAGSINS



47 ára Ed Quinn leikari

Pekktastur fyrir: Starship Troopers 2.

BÍÓFRÉTTIR

Nýjar sögur úr Andabæ á leiðinni

Hafirðu haft gaman af því að horfa á ævintýri frændanna í Andabæ geturðu tekið gleði þína. Disney ætlar að framleiða aðra þáttaröð af Sögum úr Andabæ og mun hún koma út árið 2017. Jóakim Aðalönd og frændur hans, Ripp, Rapp og Rupp, munu snúa aftur á skjáinn auk Andrésar og allra uppáhaldspersónanna þinna.



FRUMSÝNINGAR

ANNIE
Fjölskyldumynd

Helstu leikarar: Quvenzhané Wallis, Cameron Diaz, Jamie Foxx

IMDb 5,0/10

Rotten Tomatoes 28%



BEFORE I GO TO SLEEP

Spennutryllir

Helstu leikarar: Colin Firth, Nicole Kidman, Mark Strong

IMDb 6,2/10

Rotten Tomatoes 36%



INTO THE WOODS

Ævintýramynd

Helstu leikarar: Anna Kendrick, Meryl Streep, Cris Pine

IMDb 6,3/10

Rotten Tomatoes 71%

Þrjár Lego kvikmyndir væntanlegar

Velgengni The Lego Movie var slík að þrjár myndir eru á teikniborðinu. Söguvið allra þriggja er Lego-veröldin en söguhetjurnar eru hver úr sínu horni heimsins. Hagnaður fyrirtækisins jókst um tæp tuttugu prósent á milli ára og má rekja árangurinn til myndarinnar.

Aðdáendur hinna dönsku Legokubba geta glaðst því alls eru þrjár nýjar Lego-myndir væntanlegar á vegum Warner Brothers.

Í fyrra kom út The Lego Movie sem fékk frábæra dóma gagnrýnenda og féll einnig vel í kramið hjá áhorfendum. Notendur síðunnar IMDb gefa henni til að mynda einkunnina 7,8 og skor gagnrýnenda Rotten Tomatoes hljóðar upp á 96 prósent.

Myndin skilaði einnig sínu í kassann því hagnaður Lego jókst um tæplega milljarð danskra króna milli árána 2013 og 2014, úr 6,1 milljarði í sjö milljarða. Forstjórnin var svo himinlifandi með árangurinn að á fundi söng hann einkennislag myndarinnar, Everything Is Awesome, og steig dans með.

Fyrsta myndin af þremur er væntanleg haustið 2016. Sú er úr Ninjago-vörulínunni. Ekki er komið opinbert nafn á myndina. Áður hafa verið gerðir þættir um persónurnar, Lego Ninjago: Masters of Spinjitzu, og á fjórða seríu þeirra að hefjast með vorinu.

Bræðurnir Dan og Kevin Hageman, sem skrifuðu Masters of Spinjitzu og hluta The Lego Movie, sjá um að skrifa handrit myndarinnar. Leikstjórn verður í höndum Charlie Bean en hann hefur meðal annars leikstýrt Robotboy og Tron: The Uprising.

Rúmu ári síðar, eða í október 2017, er von á The Lego Batman Movie. Batman lék nokkuð stórt hlutverk og vakti slíka hrifningu að ákveðið var að semja sérmynd fyrir hann.

Staðfest er að Will Arnett muni aftur taka að sér hlutverk Batmans en hann hefur meðal annars leikið í Arrested Development-þáttunum auk þess að taka þátt í talsetningu mynda á borð við Ratatouille og Despicable Me. Handritshöfundur



ur Óskarsverðlaunanna í ár, Seth Grahame-Smith, mun skrifa handrit myndarinnar.

Síðust á lista, en alls ekki síst, er framhaldsmynd The Lego Movie. Í vikunni staðfesti Greg Silverman, alþjóðlegur forseti framleiðsludeildar Warner Brothers, að myndin kæmi út að þremur árum liðnum.

Phil Lord og Christopher Miller, höfundar fyrri myndarinnar, skrifa framhaldið og leikstjórn verður í höndum Robs Schrab. Hann hefur meðal annars stýrt fjölda þátta af Community og

“Fyrsta myndin af þremur er væntanleg haustið 2016. Sú er úr Ninjago-vörulínunni. Ekki er komið opinbert nafn á myndina.

The Mindy Project. „Við getum ekki beðið eftir því að vinna með Schrab,“ segja Lord og Miller. „Hann er meistari þegar kemur að gríni og við höfum fylgst með honum í mörg ár.“



HANDRITSHÖFUNDAR Phil Lord og Christopher Miller með BAFTA-verðlaun fyrir bestu teiknimyndina. FRÉTTABLAÐIÐ/NORDIC PHOTOS

Austurvegur 1-5, Selfossi - Til leigu



Erum með til leigu í þessu glæsilega verslunar og þjónustuhúsnæði gott verslunarpláss á götuhæð samtals um 1250 fm. Á jarðhæð hússins er einnig til leigu um 2000 fm lagerhúsnæði með innkeyrsluhurð og góðri lofthæð.

Mögulegt er að skipta rýminu niður í minni pláss. Hið leigða er við hlið verslunar Krónunnar í sama húsi. Mikil umferð, auglýsingargildi og samlegðaráhrif. Gæti hentað undir ýmiskonar verslunarrekstur, veitingarekstur og þess háttar starfsemi. Á jarðhæð hússins (að norðanverðu) er einnig til leigu um 2000 fm lagerhúsnæði með innkeyrsluhurð og góðri lofthæð. Mjög hagstætt leiguverð. Gæti hentað einnig undir annarskonar atvinnustarfsemi. Næg bílstæði við húsið og í bílastæðahúsi á jarðhæð. Plássin eru laus strax til afhendingar.

Allar nánari upplýsingar veitir: Stefán Hrafn Stefánsson hdl, lögg fasteignasali í s: 895-2049 og á netfangið stefan@stakfell.is



LAGERHREINSUN

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR



Amerískar gæða dýnur framleiddar af Serta, stæsta dýnuframleiðanda í Bandaríkjunum.



Danskar dúnsængur frá Ringsted Dun.

RÝMINGARÚTSALA! Rýmum fyrir nýjum vörum!

Heilsurúm, heilsudýnur, sófaborð, hliðarborð, náttborð, hvíldarstólar, hvíldarsófar, tungusófar, stakir sófar og stólar, dúnsængur, vatnskoddar, skammel (opnanleg með geymslu), kollar, heilsukoddar, sjónvarpsskenkar, rúmgafnar og margt fleira.

VIÐ ERUM Í
HLÍÐASMÁRA 1

Opið:

Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-16

Lagerhreinsun lýkur um helgina
Komdu í heimsókn og gerðu góð kaup

LÚR | Hlíðasmára 1 | 201 Kópavogi | Sími 554 6969 | lur@lur.is | www.lur.is

LÚR
BETRI HVÍLD

LÍFIÐ

Helstu stórmenni sögunnar koma fram í myndbandi með Young Karin

Nýtt myndband hljómsveitarinnar Young Karin var tekið upp á meðal rúmlega sextíu ára vaxmynda sem voru til sýnis á Þjóðminjasafninu um miðja síðustu öld. Meðal annars má sjá stytur af Jósef Stalín, Napóleon og Jónasi frá Hriflu í myndbandinu.

Myndband við lagið Sirens með hljómsveitinni Young Karin verður frumsýnt í dag. Því er leikstýrt af Magnúsi Leifssyni, sem um helgina fékk einmitt Íslensku tónlistaverðlaunin fyrir myndband sitt við lagið Tarantúlur með rappsveitinni Úlfur Úlfur. Í myndbandinu sem frumsýnt verður á morgun má sjá vaxmyndir sem eiga sér langa sögu en eru nú í geymslu í Kópavogi. „Ég hef aldrei eytt eins miklum tíma í vinnslu við myndband,“ segir Logi Pedro Stefánsson, annar meðlima Young Karin, og rifjar upp hvernig tókum var háttað: „Við þurftum að fá sérstakt leyfi til þess að taka upp í geymslunni þar sem stytturnar eru. Starfsmaður frá Þjóðminjasafninu var viðstaddur tókurnar og hjálpaði okkur að stilla stytturnum upp því enginn mátti snerta þær nema hann. Stytturnar eru margar í ansi slæmu ásigkomulagi.“

Fáir vita af stytturnum

Stytturnar voru til sýnis í Þjóðminjasafninu frá 1951 til 1969 en vaxmyndasafnið var stofnað á sínum tíma af Óskari Halldórssyni útgerðarmanni. Hann gaf safnið í minningu sonar síns, Óskars Theódórs, sem lést á sjó fyrir aldur fram. Í safninu eru mörg stórmenni sögunnar, bæði innlend og erlend. Þar á meðal Napóleon, William Shakespeare og hinn alræmði Adolf Hitler. Á meðal innlendra fyrirmýnda vaxmyndanna

eru Jónas frá Hriflu, Sigurður Nordal og Davíð Stefánsson frá Fagrasjógi. „Stytturnar gera mikið fyrir myndbandið. Þær veita ákveðinn „kontrast“,“ segir Logi. Í myndbandinu má sjá hann og Karin Sveinsdóttur söngkonu inn á milli vaxmyndanna. „Það er sérstakt að sjá Karin innan um alla þessa karlmenn, sýnir feðraveldið í sinni skýrustu mynd,“ bætir Logi við en aðeins er ein vaxmynd af konu; Önnu Borg Reumert söngkonu, sem fæddist árið 1903.

Tekið upp í sumar

Myndbandið var tekið upp í júlí og er því mikil vinna að baki. „Þetta var mjög dýrt verkefni og við erum afar þakklát Landsbankanum sem hjálpaði okkur við vinnsluna.“ Sökum þess að ekki mátti flytja stytturnar þurftu allar tölur að fara fram í geymslu í umsjá Þjóðminjasafnsins. „Við þurftum að setja upp svokallaðan „green-screen“ þarna inni. Vinnslan eftir að tölur var lokið var því ansi löng og ströng, en þetta var algjörlega þess virði. Við erum einstaklega ánægð með útkomuna.“

Young Karin fékk um helgina íslensku tónlistarverðlaunin í flokki Nýliðaplötu ársins og fékk sveitin fyrir vikið 750 þúsund krónur sem eru eyrnamerktar í myndbandagerð. „Það skiptir miklu máli að vera með flott myndbönd upp á dreifingu erlendis. Við erum í skýjunum með þessi verðlaun,“ segir Logi.

kjartanatli@frettabladid.is



SETTU UPP GRÆNAN SKJÁ

Magnús Leifsson, leikstjóri, kom upp grænum skjá í geymslunni þar sem stytturnar eru. Hér á myndunum má sjá þau Karin Sveinsdóttur og Loga Pedro Stefánsson á meðal merki-legra manna úr sögunni.

Drykkir sem vinna gegn vökvatapi



Resorb™ Sport

Íþróttadrykkur sem bætir upp vökvatap

Íþróttadrykkur með kolvetna- og saltablöndu sem bætir upp vökvatap við líkamlegt álag. Magnesíum söltin hjálpa til við að viðhalda eðlilegri vökvastarfsemi og minnka líkur á magnleysi.



Resorb™

Freyðitöflur sem koma jafnvægi á salt- og vökvabirgðir líkamans

Bragðgóður drykkur með fjórum bragðtegundum sem einkum er notaður vegna niðurgangs, uppkasta og annars vökvataps.



Veit á vandaða lausn

Velkomin í verslun okkar að Síðumúla 16, 2.h. Opið mán - fös 8.30 - 17.00
Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900

Beðin að semja fyrir Rihanna og Nicky

Nóg er að gerast hjá Young Karin á næstunni. Myndbandið við Sirens verður frumsýnt á breskri tónlistarvefsíðu í dag. Sveitin mun svo ferðast um Evrópu í vor.

„Við munum meðal annars fara til Portúgals í apríl og síðan munum við koma fram á gríðarlega stórra tónlistarhátíð í sumar,“ útskýrir Logi Pedro. Hann segir að ýmis tækifæri um samstarf hafi boðist.

„Okkur bauðst að semja laglínur fyrir þekktu erlenda listamenn. Við fengum fyrirspurn frá erlendu fyrirtæki um að semja sönglínur og var hugmyndin að Rihanna og Nicky Minaj myndu jafnvel nota þær. Við náðum ekki að komast í það verkefni. Mér leist ekki alveg nógu vel á lögin og við ákváðum að einbeita okkur bara að því sem við erum að gera,“ segir Logi.



SKEMMTILEGUR FÉLAGSSKAPUR Hér sést Karin Sveinsdóttir í góðum félagsskap.

TREND

Jakkaföt

Gleymdu árs-hátíðarkjólnum, jakkafötin koma sterk inn. Poppaðu þau upp með flottum hælum og skarti.



JENNIFER ANISTON Í SAINT LAURENT



AMBER HEARD



HAIM-SYSTIRIN DANIELLE Í HVÍTUM FRÁ STELLA MCCARTNEY



RALPH LAUREN



HUGO BOSS



VÆNGJALAUS Doutzen Kroes hefur sagt skilið við Victoria's Secret eftir sjö ár.

Victoria missir mikilvæga engla

Undirfatamerkið Victoria's Secret hefur misst tvo engla frá sér undanfarið. Ofurfyrirsætan Karlie Kloss tilkynnti í vikunni að hún hefði sagt skilið við englahlutverkið og ætlaði að hefja nám við New York-háskóla næsta haust. Þá hefur önnur ofurfyrirsæta, Doutzen Kroes, tilkynnt að hún ætli einnig að skila inn vængjunum, þar sem vinnan fyrir undirfatamerkið stangist á við önnur verkefni í Evrópu, en hún hefur verið engill síðan 2008. Þetta staðfesti Ed Razek, yfirmaður markaðsmála hjá Victoria's Secret, á Instagram-síðu sinni.



EKKI HÆTTIR Strákasveitin ætlar að taka upp nýja plötu.

Ný plata frá Backstreet Boys

Strákarnir í Backstreet Boys eru langt frá því að vera hættir, en þeir tilkynntu á dögunum að þeir væru á leið aftur í stúdíó. „Tónlistin okkar er alltaf að þróast og við erum tilbúnir að fara og taka upp nýtt efni síðar á árinu,“ sögðu þeir í tilkynningunni. Að auki gerðu þeir samning við Live Nation um að spila á 150 tónleikum á næstu þremur árum. Nýja heimildarmyndin um þá, Show 'Em What You're Made Of, verður frumsýnd í Bretlandi í dag, en sveitin fagnaði tuttugu ára starfsafmæli fyrir skemmstu.

Nú er úti veður vott...

4ja daga dúndur útsala

70% afsl. af öllum vörum 26. feb - 01. mars

FATÓ
markaður
OPIÐ
ALLT ÁRIÐ

FATÓ er opið mán-fim: 10-18, fös: 10-18.30, lau: 10-18, sun: 13-17

Merkjavörur frá:

COMPANYS Kultur gs skór galleri sautján eva

VÖRUR FRÁ: INWEAR | PART TWO | SAINT TROPEZ | SOAKED IN LUXURY | MALENE BIRGER | ILARIA NISTRI

BILLI BI | STRATEGIA | G STAR | GERALD DAREL | DKNY | DIESEL OG FLEIRI FALLEG MERKI

FATÓ - ÚTSÖLU MARKAÐUR í kjallara **evu** laugavegi 26



48 TÍMA TILBOÐ



TOSHIBA

-20.000

VERÐLÆKKUN Í 48 TÍMA!



8GB
vinnsluminni



1TB
harður diskur



Allt að 7 klukkutíma
rafhlöðuending



Intel örgjörvi og
sambyggt Intel HD skjákort

Tilboðið gildir til kl. 8:00 laugardagsmorgun 28. febrúar í verslunum og www.tl.is



tl.is

TÖLVU LISTINN

REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRÁUT 26
Sími 414 1700

AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 30
Sími 414 1730

HÚSAVÍK
GARÐARSBRÁUT 18A
Sími 464 1600

EGILSSTAÐIR
KAUPVANGI 6
Sími 414 1735

KEFLAVÍK
HAFNARGÖTU 90
Sími 414 1740

SELFOSS
AUSTURVEGI 34
Sími 414 1745

AKRANES
ÞJÓÐBRAUT 1
Sími 431 3333

HAFNARFJÖRÐUR
REYKJAVÍKURVEGI 66
Sími 414 1750

Nýtt nafn á kvennabikarinn í ár?

Rakel Dögg Bragadóttir, fyrrverandi landsliðsfyrirliði, hefur trú á sögulegum sigri í bikarkeppni kvenna í handbolta í ár en úrslitahelgi Coca-Cola-bikarsins hefst með undanúrslitaleikjum kvenna í kvöld. „Þú færð aðeins fleiri fiðrildi í magann fyrir svona leiki,“ segir Rakel.

Óskar Ó. Jónsson
ooj@frettabladid.is



SPÁIR Í SPILIN

Rakel Dögg

veit hvað það er að spila í Laugardalshöllinni.
FRÉTTABLAÐIÐ/OLE NIELSEN



HANDBOLTI Undanúrslitaleikir Coca-Cola-bikars kvenna í handbolta fara fram í Laugardalshöllinni í kvöld og Rakel Dögg Bragadóttir, aðstoðarþjálfari Stjórnunnar og fyrrverandi fyrirliði íslenska landsliðsins, spáir því að lið Vals og Gróttu fari langt á reynslunni í kvöld.

Valur og Haukar mætast í fyrri leiknum klukkan 17.15. Haukakonur eru þremur sætum ofar í töflunni og unnu leik liðanna á dögnum. Valskonur eru aftur á móti að taka þátt í bikarúrslitaleiknum í sjötta árið í röð þótt lið þeirra í ár sé mikið breytt frá því sem hefur unnið bikarinn þrjú síðustu ár.

Reynslan með Val

„Ég hallast að því að Valur taki þann leik. Ég er mjög hrifin af Haukaliðinu því þar eru öflugar ungar stelpur. Ég held samt að Valsliðið sé með reynslu úr svona leikjum og þær eru með Kristínu Guðmundsdóttur í fararbroddi sem er í hörku standi og þá er Begga (Berglind Íris Hansdóttir) komin aftur í markið. Hún getur lokað rammnum í svona leikjum,“ segir Rakel Dögg. „Ungu stelpurnar í Valsliðinu eins og Morgan (Þorkeldsdóttir) og fleiri búa að því að hafa verið með í fyrri. Haukastelpurnar eru hins vegar reynslulitlar í svona pressuleikjum þótt að þær séu að verða öflugri með hverju árinu,“ segir Rakel Dögg.

Vörnin hjá Gróttuliðinu

Gróttu og ÍBV mætast síðan í seinni leiknum klukkan 20.00. Gróttu er í efsta sæti deildarinnar og hefur tólf stigum meira en ÍBV sem er

í fimmta sætinu. Gróttu vann tíu marka sigur í Eyjum á dögnum og Rakel er viss um að Gróttu klári þennan leik.

„Ég held að þetta sér klár Gróttusigur því Gróttu er bara með sterkara lið. Þær eru með mjög öflugt lið og þá sérstaklega í vörn með þær Önnu Úrsúlu (Guðmundsdóttur) og Evu Margréti (Kristinsdóttur) inni á miðsvæðinu. Íris er síðan búin að vera frábær í markinu og tekur oft rest, það sem fer fram hjá Önnu og Evu,“ segir Rakel Dögg.

„Gróttustelpurnar eru líka með leikmenn sem hafa unnið þennan titil og þær vita alveg hvað þær eru að gera. Ég er alls ekki að segja að Gróttu rúlli yfir ÍBV því þetta verður þokkalega jafn leikur en Gróttu verður líklega með þetta allan tímann,“ segir Rakel.

Gróttu með sterkasta liðið

„Þetta verður því Gróttu-Valur í úrslitaleiknum og ég spái Gróttu sigri. Þær eru með sterkasta liðið af þessum fjórum sem eru eftir í keppinni,“ segir Rakel Dögg.

Rakel metur reynsluna mikils þegar kemur að svona stórum leikjum. „Það að fara inn í Höllina, inn á dúkinn og í stemningu og umgjörð í kring. Þetta er alveg hrikalega skemmtilegt en á sama tíma setur þetta pressu á leikmenn. Þú færð aðeins fleiri fiðrildi í magann fyrir svona leiki en þetta er skemmtilegasta handboltahelgi ársins,“ sagði Rakel Dögg að lokum.

Liðin sem vinna í kvöld mætast í úrslitaleiknum klukkan 13.30 á laugardaginn en allir leikirnir fara að sjálfsögðu fram í Laugardalshöllinni.

Undanúrslitaleikir í kvöld



KL. 17.15

VALUR

Stig í deildinni:
Haukar 24,
Valur 18.

Stig úr innbyrðisleikjum:
Haukar 2 (+3),
Valur 0.



HAUKAR

Bikarúrslitaleikir:
Valur 11,
Haukar 7.

Bikarmeistararitlar:
Valur 6,
Haukar 4.



KL. 20.00

GRÓTTA

Stig í deildinni:
Gróttu 32,
ÍBV 20.

Stig úr innbyrðisleikjum:
Gróttu 2 (+10),
ÍBV 0.



ÍBV

Bikarúrslitaleikir:
ÍBV 7,
Gróttu 1.

Bikarmeistararitlar:
ÍBV 3,
Gróttu 0.

27. FEBRÚAR- 3. MARS
GESTAKOKKURINN
RICCARDO CAPPELLI
&
VÍNSÉRFRÆÐINGURINN
MARCO TERRIBILE
verður með vínkynningu fyrir mat ásamt
vínumboðinu Bakkus á sérvöldum Banfi vínnum



Riccardo Cappelli & Marco Terribile koma frá Banfi kastala á Ítalíu sem getur af sér gott orð fyrir ríkar vénekrur auk veitingastaðar á heimsmælikvarða. Tekið verður á móti gestum með vínkynningu frá Castello Banfi.

27. febrúar-1.mars mun Hulda Björk Garðarsdóttir syngja vel valin ítölsk lög við undirleik Þóris Baldurssonar.

4ra rétta Banfi matseðill

Nauta carpaccio
Tómatsalsa, parmisan og Kryddjurtar olía

Andaravioli
Gulrótarmauk og trufflur

Lamba Trio
Lambahryggur, slag, skanki og soðgljái
(sérrettur hússins hjá Castello Banfi)

„Cantuccini Parfait“
Moscadello gelato



FER Á EM Sigmundur Már Herbertsson við störf í Domino's-deildinni, þar sem hann hefur verið í hópi bestu dómara um árabíl. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þorði ekki að reikna með að verða valinn

Sigmundur Már Herbertsson dæmir á EM í haust.

KÖRFUBOLTI Íslensk dómarastrétt á í fyrsta sinn fulltrúa í úrslitaleikjum EM í körfubolta en í gær bárust tíðindi af því að Sigmundur Már Herbertsson, einn besti dómari Íslands síðastliðin ár, verði í hópi dómara sem dæma á EM í haust.

„Ég átti alls ekki von á þessu,“ sagði Sigmundur Már í samtali við Fréttablaðið í gær. „Það er ekki sjálfgefið að öll lönd sem komast á EM fái einnig dómara í keppnina. Auðvitað vonaðist maður til þess innst inni en það var alls ekki hægt að reikna með því. Þetta kom því skemmtilega á óvart,“ segir hann og bætir við að líklega sé hann valinn nú af því að íslenska körfuboltalandsliðið er á meðal þátttökubjóða á EM í fyrsta sinn frá upphafi.

„Ég verð að vera alveg heiðarlegur með það þó svo að maður viti ekkert um það. Ég hef að minnsta kosti aldrei látið mig dreyma um að komast þarna inn.“

Sigmundur hefur verið FIBA-dómari frá 2003 og tekið þátt í mörgum alþjóðlegum verkefnum, svo sem Evrópumeistaramótum yngri landsliða. „En þetta er risastórt mót. Þarna verður saman

kominn rjóminn úr evrópsku dómarastréttinni.“

EM verður haldið í fjórum löndum frá 5.-20. september en sem kunnugt er mun Ísland, sem tekur þátt í lokakeppni EM í fyrsta sinn, keppa í Berlín. Hinir riðlarnir verða leiknir í Zagreb í Króatíu, Ríga í Lettlandi og Montpellier í Frakklandi. Sigmundur reiknar vitanlega ekki með að dæma í riðli Íslands.

„Dómarar eru yfirleitt sendir á einn stað og þeim er svo fækkað eftir því sem leikjunum fækkar,“ segir hann en þrír dómara eru að störfum í hverjum leik. Sigmundur fær ekki að vita með hverjum hann dæmir fyrr en daginn fyrir leik, seint um kvöldið.

„Það er ekkert mál að dæma með einhverjum sem maður þekkir ekki. Það er búið að samræma aðgerðir dómara um alla Evrópu svo mikið að það er ótrúlega auðvelt,“ segir Sigmundur sem lét sig ekki dreyma um að komast svo langt þegar hann byrjaði að dæma á sínum tíma.

„Þetta er ekki eitthvað sem maður hugsaði um þegar maður tók dómaraþrófið árið 1994,“ segir hann og hlær.

FRÉTTABLAÐIÐ

Viktoría Hermannsdóttir

Tilnefnd í flokknum Blaðamannaverðlaun ársins fyrir umfjöllun í Fréttablaðinu um innflytjendur á Íslandi og áhrifarík viðtöl.

**Hrund Þórsdóttir**

Tilnefnd í flokknum Rannsóknarblaðamennska ársins fyrir umfjöllun á Stöð 2 um lyfjamistök.

**Þorbjörn Þórðarson**

Tilnefndur í flokknum Rannsóknarblaðamennska ársins fyrir umfjöllun um flugslysið við Hlíðarfjallsveg.

FRÉTTABLAÐIÐ

Garðar Örn Úlfarsson

Tilnefndur í flokknum Rannsóknarblaðamennska ársins fyrir umfjöllun um flugslysið við Hlíðarfjallsveg.

FRÉTTABLAÐIÐ

Ólöf Skaftadóttir

Tilnefnd í flokknum Viðtal ársins fyrir viðtal sitt í Fréttablaðinu við tvíburabræðurna Kára og Halldór Auðar- og Svanssyni.

4 tilnefningar til Blaðamannaverðlauna Íslands

VEL AF SÉR VIKIÐ!

Við erum afar stolt af því fagfólki sem starfar á fréttastofu 365 og óskum þeim sem hlutu tilnefningar til Blaðamannaverðlauna fyrir árið 2014 innilega til hamingju. Tilnefningarnar eru viðurkenning fyrir okkur öll og hvatning til að gera enn betur við að flytja landsmönnum ítarlegar og vandaðar fréttir.

365

FRÉTTASTOFA

RÚV kl. 20.00 Bikarúrslit í handbolta

Bein útsending frá undanúrslitaleik ÍBV og Gróttu í Coca-Cola bikar kvenna.



Í KVÖLD



BROADCHURCH

STÖÐ 2 KL. 23.35 Önnur syran af þessum magnþrungnu spennubáttum þar sem fylgst er með störfum rannsóknarlögreglufulltrúanna Alec Hardy og Ellie Miller en í byrjun tókum við upp þráðinn þar sem frá var horfið í síðustu þáttaröð.



ONE DIRECTION: THIS IS US

BÍÓSTÖÐIN KL. 18.50 Stórkostleg mynd frá um vinsælasta strákaband heims, One Direction, sem hefur farið sigurför um heiminn frá því það var stofnað í X-Factor 2010 og nú fá aðdáendur einstaka innsýn í sögu sveitarinnar og líf strákanna.



RESTAURANT STARTUP

STÖÐ 2 KL. 20.35 Skemmtilegur og spennandi raunveruleikabáttur í umsjón hins harða og eitursvala Joe Bastianich og veitingahúsaigandans Tims Love. Í hverjum þætti velja þeir á milli tveggja hópa þátttakenda.

Bylgjan kl. 19.15 90's þátturinn

Pórunn Erna Clausen spilar bestu lögin frá árunum 1990-1999.



Veitingastaðurinn á fimmtu hæð Perlunnar er fallegur og notalegur staður fyrir erfidrykkjur og aðrar samkomur eins og brúðkaup og fermingaveislur.



STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 07.45 iCarly
- 08.05 The Wonder Years
- 08.30 Masterchef USA
- 09.15 Bold and the Beautiful
- 09.35 Doctors
- 10.15 60 mínútur
- 11.00 Make Me A Millionaire Inventor
- 11.45 Cougar Town
- 12.05 Enlightened
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Great Expectations
- 14.50 The O.C
- 15.35 iCarly
- 16.00 Impractical Jokers
- 16.25 Hundagengið
- 16.50 Raising Hope
- 17.10 Bold and the Beautiful
- 17.32 Nágrannar
- 17.57 Simpson-fjölskyldan
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag.
- 19.11 Veður
- 19.20 Fóstbræður
- 19.45 Marry Me
- 20.10 Eldhúsið hans Eypórs
- 20.35 Restaurant Startup
- 21.20 The Mentalist
- 22.05 The Blacklist
- 22.50 Person of Interest
- 23.35 Broadchurch
- 00.25 Banshee
- 01.15 NCIS. New Orleans
- 02.00 Louie
- 02.20 Red
- 03.50 Great Expectations
- 05.40 Fréttir

SPORT besta sætið

- 07.00 Meistaradeildin - meistaramörk
- 07.30 Meistaradeildin - meistaramörk
- 08.00 Meistaradeildin - meistaramörk
- 10.30 Elche - Real Madrid
- 12.10 Spænsku mörkin 14/15
- 12.40 New York - Cleveland
- 14.05 Arsenal - Monaco
- 15.45 Bayer Leverkusen - Atletico Madrid
- 17.25 Meistaradeildin - meistaramörk
- 17.55 Besiktas - Liverpool Beint
- 20.00 Everton - Young Boys Beint
- 22.05 Fiorentina - Tottenham
- 23.45 Besiktas - Liverpool

SPORT 2 enski boltinn

- 10.15 Sunderland - WBA
- 11.55 Man. City - Newcastle
- 13.35 Football League Show 2014/15
- 14.05 Everton - Leicester
- 15.45 Swansea - Man. Utd.
- 17.25 Premier League Review 2014/2015
- 18.20 Middlesbrough - Leeds
- 20.00 Premier League World 2014
- 20.30 Messan
- 21.45 Aston Villa - Stoke City
- 23.25 Tottenham - West Ham

INN

- 20.00 Hrafnáping á Vestfjörðum
- 21.00 Auðlindakistan 21.30 Suðurnesjamagasýn

ÚTVARP

- FM 88,5 XA-Radíó
- FM 89,5 Retro

FM 90,1 Rás 2

- FM 90,9 Gullbylgjan
- FM 93,5 Rás 1

3

- 19.05 Community
- 19.30 Last Man Standing
- 20.00 American Idol
- 20.45 Hot in Cleveland
- 21.10 Supernatural
- 21.55 True Blood
- 22.50 Constantine
- 00.20 Community
- 00.40 Last Man Standing
- 01.05 American Idol
- 01.45 Hot in Cleveland
- 02.10 Supernatural
- 02.55 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

Krakkastöðin

- 07.00 Strumparnir 07.25 Ljótí andarunginn og ég 07.47 Tommi og Jenni 07.53 Sumardalsmyllan
- 08.00 Könnuðurinn Dóra 08.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar 08.45 Doddi litli og Eyrnastór 08.55 Rasmus Klumpur og félagar 09.00 Áfram Diego, áfram! 09.24 Svampur Sveinsson 09.45 Hvellur keppnisbíll 09.55 UKI 10.00 Brunabílarnir 10.22 Lína langsokkur 10.47 Ævintýraferðin 11.00 Strumparnir 11.25 Ljótí andarunginn og ég 11.47 Tommi og Jenni 11.53 Sumardalsmyllan 12.00 Könnuðurinn Dóra 12.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar 12.45 Doddi litli og Eyrnastór 12.55 Rasmus Klumpur og félagar 13.00 Áfram Diego, áfram! 13.24 Svampur Sveinsson 13.45 Hvellur keppnisbíll 13.55 UKI 14.00 Brunabílarnir 14.22 Lína langsokkur 14.47 Ævintýraferðin 15.00 Strumparnir 15.25 Ljótí andarunginn og ég 15.47 Tommi og Jenni 15.53 Sumardalsmyllan 16.00 Könnuðurinn Dóra 16.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar 16.45 Doddi litli og Eyrnastór 16.55 Rasmus Klumpur og félagar 17.00 Áfram Diego, áfram! 17.24 Svampur Sveinsson 17.45 Hvellur keppnisbíll 17.55 UKI 18.00 Brunabílarnir 18.22 Lína langsokkur 18.47 Ævintýraferðin 19.00 Ástríkur á Ólympíuleikunum 20.55 Sögur fyrir svefninn

GULLSTÖÐIN

- 18.40 Friends
- 19.05 New Girl
- 19.30 Modern Family
- 19.55 Two and a Half Men
- 20.20 1600 Penn
- 20.45 Ally McBeal
- 21.30 Vice
- 22.00 Game of Thrones
- 22.55 It's Always Sunny In Philadelphia
- 23.15 Prime Suspect
- 01.00 1600 Penn
- 01.25 Ally McBeal
- 02.10 Vice
- 02.40 Game of Thrones
- 03.35 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

BÍÓSTÖÐIN

- 12.05 Parental Guidance
- 13.50 One Direction. This is Us
- 15.25 Tiny Furniture
- 17.05 Parental Guidance
- 18.50 One Direction. This is Us
- 20.20 Tiny Furniture
- 22.00 Behind The Candelabra
- 23.55 Intruders
- 01.35 360
- 03.25 Behind The Candelabra

RÚV

- 16.40 Táknáfréttir
- 16.50 Bikarúrslit í handbolta Bein útsending frá undanúrslitaleik Vals og Hauka í Coca-Cola bikar kvenna.
- 18.45 Á sömu torfu
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 20.00 Bikarúrslit í handbolta Bein útsending frá undanúrslitaleik ÍBV og Gróttu í Coca-Cola bikar kvenna.
- 21.45 Handboltalið Íslands
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Glæpahneigð
- 23.05 Heiðvirða konan
- 00.00 Kastljós
- 00.25 Fréttir
- 00.40 Dagskrárlok

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Everybody Loves Raymond
- 08.20 Dr. Phil
- 09.00 The Talk
- 09.45 Pepsi MAX tónlist
- 14.40 Cheers
- 15.05 Benched
- 15.25 Top Chef
- 16.15 Vexed
- 17.15 Sváli & Svavar
- 17.50 Dr. Phil
- 18.30 The Tonight Show
- 19.10 The Talk
- 19.50 America's Funniest Home Videos
- 20.10 The Biggest Loser - Ísland
- 21.20 Scandal
- 22.05 How To Get Away with Murder
- 22.50 The Tonight Show
- 23.35 Law & Order
- 00.20 Allegiance
- 01.05 The Walking Dead
- 01.55 Scandal
- 02.40 How To Get Away with Murder
- 03.25 The Tonight Show
- 04.10 Pepsi MAX tónlist

Golfstöðin

- 08.00 PGA Tour 2015
- 12.00 Golfing World 2015
- 12.50 PGA Tour 2015 - Highlight
- 17.45 Golfing World 2015
- 18.35 Inside The PGA Tour 2015
- 19.00 PGA Tour - LatinoAmerica
- 23.00 Golfing World 2015

HRINGBRAUT

- 11.00 Mannamál (e) 11.30 Heimsljós (e)
- 12.00 Mannamál (e) 12.30 Heimsljós (e)
- 13.00 Mannamál (e) 13.30 Heimsljós (e)
- 14.00 Mannamál (e) 14.30 Heimsljós (e)
- 17.00 Mannamál (e) 17.30 Heimsljós (e)
- 18.00 Mannamál (e) 18.30 Heimsljós (e)
- 19.00 Mannamál (e) 19.30 Heimsljós (e)
- 20.00 Mannamál (e) 20.30 Heimsljós (e)
- 21.00 Þjóðbraut 22.00 Þjóðbraut (e)
- 23.00 Þjóðbraut (e)

FM 95,7 FM957

- FM 96,3 FM Suðurland
- FM 96,7 Létt Bylgjan

FM 97,7 X-ið

- FM 98,9 Bylgjan
- FM 99,4 Útvarp Saga

FM 100,5 K100

- FM 102,9 Lindin

THULE[®]
SWEDEN

Skíða- og snjóbrettabogar

Fást í verslun okkar
að Bíldshöfða 10



 **Stilling**

Stilling hf. | Sími 520 8000 | stilling.is | stilling@stilling.is

UPPÁHALDSDRYKKURINN



Kokteillinn Old fashion, hann klikkar aldrei. Svarar þorsta og er nærandi.

Loji Höskuldsson, mynd- og tónlistarmaður

Hversu lengi á gestur veigar hjá gestgjafa?

Hlaðvarpsþátturinn Sultukrúkkudómurinn svarar hverdagslegum spurningum með lagalegri aðferðafræði.

Í dag hefur göngu sína á Alvarpinu önnur sería hlaðvarpsþáttarins Sultukrúkkudómurinn.

„Við erum að tala um ýmislegt í daglegu lífi sem við reynum að tækla út frá hinni lagalegu aðferðafræði,“ segir Brynhildur Bolladóttir, lögfræðingur og einn þáttarstjórnenda.

Spurningin sem svarað er í fyrsta þætti er eitthvað sem gestgjafar og gestir samkvæma velta oft fyrir sér: „Hversu lengi máttu geyma bjór heima hjá einhverjum, eftir parti til dæmis, áður

en gestgjafinn má drekka hann.“ Viðfangsefnið spratt af fenginni reynslu tveggja þáttarstjórnenda. „Þetta byrjaði þegar ég var í afmælinu hans Halldórs Kristján. Hann bauð upp á bjór en tók fram að fólk ætti að taka með sér veigar sem ég gerði,“ segir Brynhildur alvarleg og bætir við: „Svo var svo vel veitt að ég drakk ekki bjórinn, skildi hann eftir og Halldór Kristján drakk hann nokkrum dögum seinna.“

Sérstakur gestur er Jón Steinar Gunnlaugsson, fyrrverandi hæsta-

réttardómari og starfandi lögmaður. „Við fengum hann til þess að hjálpa okkur að komast að niðurstöðu.“

Brynhildur segir þau afar ánægð með þáttinn. „Þátturinn er svo góður að ég held að hann verði kenndur á næsta ári í almennunni.“

Þáttarstjórnendur eru Brynhildur, Halldór Kristján Þorsteinsson, Tanja Tómasdóttir, Egill Pétursson og Sindri Rafn Kamban, lögfræðingar og meistaranemar í lögfræði.



HVER Á BJÓRINN? Sultukrúkkudómurinn svarar hverdagslegum spurningum úr hinu daglega lífi út frá lagalegri aðferðafræði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



MIKILL ÁHUGI Eyjólfur segir frábært að fá þessa flottu erlendu blaðamenn til landsins.

Bandaríkin sýna RFF mikinn áhuga

Fjöldi erlendra blaðamanna er á leið hingað vegna Reykjavík Fashion Festival.

„Þetta er ótrúlega gaman fyrir okkur og áhugavert að sjá þennan mikla áhuga sem er að koma frá blaðamönnum og flottum tímaritum í Bandaríkjunum,“ segir Eyjólfur Gíslason fjölmiðlafulltrúi Reykjavík Fashion Festival.

Hingað eru á leiðinni flottir erlendir blaðamenn frá tímaritum eins og W Magazine, Þýska Vogue, Style.com, V Magazine, NY Magazine, Interview og Now Fashion.

Að auki hafa Nikolaj Nielsen, framkvæmdastjóri Won Hundred, framkvæmdastjóri Elite Model Management í London og Anne

Christine Persson, framkvæmdastjóri Copenhagen Fashion Week. „Við erum rosalega glöð að fá Anne til okkar. Það gefur okkur mikinn styrk upp á framhaldið og áframhaldandi uppbyggingu. Þetta sýnir líka að RFF er komin á ákveðinn stall,“ segir Eyjólfur.

Hann segir komu blaðamanna skipta höfuðmáli fyrir RFF. „Það er svo mikilvægt fyrir hönnuðina að fá góða umfjöllun um sýninguna sína úti,“ segir hann. Reykjavík Fashion Festival fer fram í Hörpu 12.-15. mars og hófst miðasala formlega í gær á harpa.is. -asi

Appið endurspeglar óeðlilegar útlitskröfur

Viðmælendur Fréttablaðsins segja rangt að fordæma konur sem nota app til að breyta ljósmyndum af sér enda séu þær engir sökudólgar heldur fórnarlömb.

Appið „YouCam Makeup“ hefur farið sem eldur um sinu meðal snjallsímanotenda sem svo varpa efninu á samfélagsmiðlana. Um er að ræða app sem breytir ljósmyndum, til dæmis eru nef minnkun, augu stækkuð, mitti grennt og fleira þar fram eftir götunum.

Ungar konur hafa verið einna duglegastar við að nýta sér appið og birti feegurðardrottningin Tanja Ýr Ástþórsdóttir af sér mynd á samfélagsmiðlunum þar sem hún sýnir muninn á myndum af sér, fyrir og eftir notkun appsins. Með þessu er Tanja að vekja athygli á ruglandi skilaboðum sem appið getur stuðlað að og þeirri staðreynd að konur verði einnig fyrir aðkasti fyrir að nota umrætt app. Þannig komi upp ákveðin pattstaða, annars vegar skuli konur uppfylla ákveðna útlitsstaðla sem einungis nást með notkun appsins og hins vegar séu þær fordæmdar fyrir að nota appið.

gudrun@frettabladid.is



UNGFRÚ ÍSLAND ÁRÍÐ 2013 Tanja Ýr Ástþórsdóttir hefur lagt sig fram við að hafa áhrif. Nú beinir hún sjónum sínum að útlitsdýrkunninni.

MYNDHELEN RÚT

Þær eru fórnarlömbin



Kristín Tómasdóttir hefur gefið út bækur og heldur námskeið þar sem fjallað er um sjálfsstyrkingu stúlkna. „Mikilvægast

er að átta sig á að þær stúlkur sem nota þessi öpp eru ekki sökudólgar á nokkurn hátt, heldur eru þær að bregðast við kröfum samfélagsins.“ Hún segir konum steypt í sama form og það endurspeglar í appinu. „Það er ekkert furðulegt við að svona app sé vinsælt, það er sorgleg staðreynd en skiljanleg. Samfélagið verður að líta í eigin barm og hætta að agnást út í þær sem nota app til að uppfylla kröfur. Þær eru fórnarlömb samfélagsins en ekki öfugt.“

Villa á sér heimildir



Heiðar Jónsson snyrtir heldur reglulega námskeið fyrir konur og segir mikinn mun á notkun snyrtivara og því að

nota app til að laga sig til. „Fyrir mér birtist þetta sem svo að viðkomandi sé að villa á sér heimildir,“ segir Heiðar og á þar við að með notkun appsins séum við komin út fyrir raunheima. Heiðar segist jafnframt taka á sig ákveðna sök í málinu þar sem fegurðarsamkeppnir, sem hann hefur alla tíð verið viðloðandi, hafi gagnert stuðlað að ákveðnum fegurðarímyndum sem erfitt, eða nánast ómögulegt, sé að uppfylla.

Umræðan er mikilvæg



Tanja Ýr Ástþórsdóttir birti myndina af sér til að opna umræðuna. „Eftir að hafa ítrekað spurt stelpur hvaða snyrtivörur þær væru

á að nota og hvernig þær næðu fram svo lýtlausri áferð á húðinni kom í ljós að flestar nýttu sér þetta app.“ Hún segist hafa fengið sjokk þegar hún kynnti sér málið frekar og bendir á að ekki sé aðeins verið að fela bólu eða lýsa myndir heldur hreinlega breyta andlitinu, minnka nef og stækka augu til að mynda. Tanja telur mikilvægt að vekja máls á stöðunni og undirstrikar að hún sé ekki að gera lítið úr notendum heldur þurfi einfaldlega að upplýsa um stöðuna.

OPINN FUNDUR FÖSTUDAGINN 27. FEBRÚAR KL: 12:00

SÍMKERFI:FRAMFARIR & TÆKNINÝJUNGAR

Svar tækni býður til kynningar á nýjungum frá Swyx, sem er leiðandi í þróun og sölu á nútíma símkerfalausnum. Sérstök áhersla verður lögð á hýstu lausnina frá Swyx og hversu auðvelt er að setja hana upp og nota.

Swyx er ein mest seldi símkerfalausn í Evrópu í dag og hefur hýsta útgáfan vakið sérstaka athygli. Nú þegar er fjöldi íslenskra fyrirtækja að nota hýstu lausnina. Einungis er greitt fast mánaðargjald á hvern starfsmann.

Boðið verður upp á léttan hádegisverð og kaffi. Áætlað er að kynningin taki um 50 mínútur. Vinsamlega sendu tölvupóst á sva@sva.is eða hringdu í síma 510-6000 og boðuðu komu þína.



SÍÐUMÚLA 35 - SÍMI 510 6000 - WWW.SVAR.IS



Dior

NUDE AIR

FERSKT YFIRBRAGÐ SEM ANDAR.

- NÝTT -

NUDE AIR SERUM FOUNDATION – SPF 25: þyngdarlaus fljótandi farði ríkur af súrefnisgefandi innihaldsefnum sem samstundis veita húðinni ferskt flauelskennt yfirbragð með lýtalausri litaleiðréttingu.

NUDE AIR HEALTHY GLOW POWDER: loftkennt púður sem „vinnur gegn mengun“ veitir húðinni útgeislun og náttúrulegan ljóma.

94%* KVENNA UPPLIFÐU FERSKARA YFIRBRAGÐ HÚÐAR
97%** KVENNA FUNDU FYRIR BETRI ÖNDUN HÚÐAR

* Sjálfsmat 33 kvenna sem notuðu serum farðann ásamt púðrinu.

** Sjálfsmat 33 kvenna sem notuðu serum farðann í 4 vikur og 31 konu sem notuðu púðrið í 4 vikur.

DIOR KYNNING
í Lyfjum & heilsu Kringlunni
fimmtudag til sunnudags.

20%
AFSLÁTTUR

Sérfræðingar frá Dior aðstoða þig
við að finna þinn fullkomna farða
sem hentar þinni húð.

Falleg gjöf fylgir kaupum
á tveimur vörum í Dior,
meðan birgðir endast.



FRÉTTIR
AF FÓLKI

Fyrsta sinn á stóra sviðinu

Leikstjórinn **Una Þorleifsdóttir** frumsýnir í fyrsta sinn á Stóra sviði Þjóðleikhússins þegar leikritið *Konan* við 1000° flytur sig úr Kassarum og verður sýnt á Stóra sviðinu.

„Það er mjög skemmtilegt, ákveðin áskorun að færa sýninguna á milli sviða en líka mikill heiður og gaman,“ segir Una.

Frumskýningin verður í kvöld og verður sýningafjöldi takmarkaður en *Konan* við 1000° var fyrst sýnd í september.

Áður leikstýrði Una Harmsögu í Þjóðleikhúsinu en hún útskrifaðist sem leikstjóri úr Royal Holloway, University of London árið 2004.

- gló



Í sambúð með Sögu

Tónlistarmaðurinn **Snorri Helgason** er að hefja sambúð með grínaranum og leikkonunni *Sögu Garðarsdóttur*. Aðspurður segist Snorri vera spenntur að flytja inn með *Sögu* en dagsetning flutninganna hefur ekki verið ákveðin. Snorri er nefnilega þessa dagana upptekinn við skipulagningu tónlistarhátíðarinnar Reykjavík Folk Festival sem haldin verður á Kexi hosteli í næstu viku. „Þetta er Þjóðlagahátíð sem Óli Þórðar sem var með pabba mínum í Ríó tríói startaði.

Þegar hann féll frá þá tókum við feðgarnir við,“ segir Snorri. Hátíðin stendur yfir í þrjú daga og hefst á fimmtudaginn í næstu viku.

- fbj



Mest lesið VÍSIR

- 1 Fengu hrossakjöt í steikarsamloku: „Við erum ekki að fela neitt“
- 2 Dæmdur fyrir vændis kaup: Þóttist ekki skilja hvað konan átti við með „happy ending“ nuddi
- 3 Íslenskir bræður slá í gegn á Kick-starter: Snúran sem getur tengst öllu
- 4 Hvetja fólk til að skilja illa búna bíla eftir heima
- 5 Ólafur Ólafsson kominn á Kvía-bryggju.

Blaðberinn
bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið

Everest

með augum

David Breashears og Baltasars Kormáks

1. mars í Hörpu



Fyrirlestur á vegum 66° Norður, Félags íslenskra fjalla-lækna, Ferðafélags Íslands og Vina Vatnajökuls.

Eldborgarsalur Hörpu, sunnudagskvöldið 1. mars kl. 19:30.

David Breashears er heimsþekktur fjallgöngumaður, kvikmyndagerðarmaður og ljósmyndari. Hann hefur klifið marga af hæstu tindum veraldar, þar á meðal Everest fimm sinnum.

Baltasar Kormákur hefur undanfarin tvö ár unnið að gerð kvikmyndarinnar Everest en David Breashears hefur verið ráðgjafi við gerð myndarinnar.

Aðgangseyrir er 1.000 kr. og rennur ágóðinn í rannsóknasjóð Jöklarannsóknafélags Íslands á breytingum íslenskra jökla.

Miða er hægt að kaupa á www.harpa.is.

Frekari upplýsingar er að finna á 66north.is.

